

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga III

# Kirkjur og bænhus í Skagafirði

Sigríður Sigurðardóttir



© Byggðasafn Skagfirðinga, 1. útg. 2000, 2. útg. 2008, 3. útg. 2011.

Á forsiðu og baksíðu eru dýrlingamyndir sem nemendur í 8. bekk Varmahlíðarskóla unnu veturinn 1999-2000.

Efni smáritsins má ekki nota án leyfis.

## **Formáli**

Í smáriti þessu er skoðað hvar kirkjur stóðu í Skagafirði frá kristni-töku til nútíma og stuttlega fjallað um kirkjubyggingar og -búnað fyrir á öldum. Um kirkjur og kirkjugripi á seinni öldum má lesa í ritflokknum *Kirkjur Íslands* 5. og 6. bindi, sem Húsafríðunarnefnd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Biskupsstofa, Fornleifavernd ríkis-ins og Bygðasafn Skagfirðinga gáfu út árið 2005.

Rit þetta er uppfærð 3. útgáfa af smáritinu *Kirkjur og bænþús í Skagafirði* sem kom fyrst út árið 2000. Að baki því lá efni sem unnið var fyrir sýninguna: *Heyr himnasmiður - Kirkjur og kirkjumunir í Skagafjarðarprófastsdæmi* og sett var upp á Hólum í Hjaltadal árið 1999, ásamt efni sem varð til við vinnu og sýningargerð með nemendum 8. bekkjar í Varmahlíðarskóla vorið 2000. Við þá út-gáfu hefur verið bætt efni frá fornleifarannsóknum síðustu ára og úttektum á rituðum heimildum um elstu kirkjur, í bréfum og mál-dögum, sem eru eignaskrár sem biskupar létu taka saman fyrir kirkjur í biskupsdæminu. Listi yfir aðrar helstu heimildir eru aftast í ritinu.

Ljósmyndir eru frá safninu nema annars sé getið.

## Efnisyfirlit

<b>3</b> .....	<b>INNGANGUR</b>
<b>7</b> .....	<b>KIRKJUR Í SKAGAFIRÐI</b>
7 .....	KETU- OG HVAMMSSÓKNIR
9 .....	FAGRANES-, SJÁVARBORGAR- OG SAUDÁRKRÓKSSÓKNIR
12 .....	REYNISTAÐARSÓKN
13 .....	GLAUMBÆJARSÓKN
15 .....	VÍÐIMÝRARSÓKN
16 .....	REYKJASÓKN
18 .....	MÆLIFELLSSÓKN
19 .....	GOÐDALA- OG ÁBÆJARSÓKNIR
21 .....	SILFRASTAÐASÓKN
22 .....	MIKLABÆJARSÓKN
25 .....	FLUGUMÝRARSÓKN
26 .....	RÍPURSÓKN
29 .....	HOFSTAÐA-, HÓLA- OG VIÐVÍKURSÓKNIR
33 .....	HOF- OG HOFSSÓKNIR
35 .....	FELLSSÓKN
36 .....	BARÐS- OG KNAPPSSTAÐASÓKNIR
<b>41</b> .....	<b>KIRKJUR</b>
<b>44</b> .....	<b>KIRKJUMUNIR OG ÁHÖLD</b>
<b>50</b> .....	<b>PRESTASKÓLINN Á HÓLUM</b>
<b>51</b> .....	<b>HEIMILDIR</b>

## Inngangur

Sennilegt þykir að fólk hafi í upphafi fengið vígða grafreiti til að tryggja „blessun og vernd sem ekki hvíldi aðeins yfir grafreitnum heldur öllu búinu og þeim sem þar bjuggu“.<sup>1</sup> Þegar kom fram á 12. öld var mönnum ekki gert auðvelt með að eiga grafreiti. Bóndi sem fékk leyfi til að láta grafa „sig eða börn sín eða konu sína“ í eigin grafreit á 11. öld, var betra að halda því innan fjölskyldunnar. Því „þegar er hann hefir nokkurn mann annan látið grafa, þá er hann skyldur að taka við öllum líkum þaðan frá“.<sup>2</sup> Samsagt ef fólk af góðmennsku sinni jarðaði einhvern utan fjölskyldunnar þá gat hver sem var heimitað það sama. Bóndi varð einnig að fæða þá sem komu með lík til kirkju hans við „fimmta mann, og hross og eyk ef þeim fylgir“.<sup>3</sup> Athæfið var lögfest. „Til þeirrar kirkju skal lík færa sem biskup lofar gröft að. Bóndi sá er þar býr á gröftu uppi að láta, og skal þar grafa sem hann lofar, eða prestur sá er þar er, ef búandi er eigi hjá eða kveður hann ekki að“.<sup>4</sup> Varð að leyfa að grafið væri í garðinum, nema önnur graftarkirkja væri innan hrepps.<sup>5</sup>

Miðað við þjónustuskyldur og embættisverk presta á fyrstu öldum kristni og fjölda guðshúsa er ljóst að eftirspurn eftir prestum og djáknum hefur verið mikil. Þegar biskupar skiptu bæjum milli sókna hafa þeir þurft að taka tillit til þess hve mörg guðshús myndu tilheyra hverri sókn og hve mörg býli teldust tíundarskyld og nægðu fyrir uppihaldi sóknarprests og mikilvægasta kirkjubún-  
aði. Einhver fjöldi smábýla og hjáleiga voru óskattskyld. Snemma var kveðið á um að eyðibýli og öreigakot ættu ekki að greiða ljóstoll.<sup>6</sup> Í máldögum kemur fram hve margir bæir eru tíundarskyldir til hverrar sóknarkirkju og þeir virðast vera jafnmargir allt tíma-

---

<sup>1</sup> Hjalti Hugason, 2000. Bls. 186.

<sup>2</sup> Grágás, 2001. Bls. 6.

<sup>3</sup> Grágás, 2001. Bls. 7.

<sup>4</sup> Grágás, 2001. Bls. 5.

<sup>5</sup> Grágás, 2001. Bls. 6.

<sup>6</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn III, 1896. 472.

bilið 1300-1500<sup>7</sup>, sem bendir til að bæjartala hafi lengst af verið sú sama frá því skipað var til sókna. Í tíundarlögum 1096 segir að „þar er byscop fer um fiordung þa scal hann segia til at kirkio sócnom í hrepp hveriom“.<sup>8</sup> Sóknarkirkjuformið gæti hafa byrjað að mótast í Skagafirði á 11. öld en það hefur varla komist í fast form fyrr en á fyrri hluta 12. aldar, á dögum Jóns Ögmundarsonar biskups. Talið er að sóknarskipulagið hafi yfirleitt ekki verið fullmótað fyrr en á 13. öld.<sup>9</sup> Einn dómkirkjupresta á Hólum þjónaði kirkjunni á Miklabæ í Óslandshlíð árið 1255<sup>10</sup> sem gæti vitnað um að prestar dómkirkjunnar hafi tekið að sér afleysingar. Þegar sóknarskipan var komin á urðu biskuparnir að útvega söfnuðunum presta.<sup>11</sup> Við skipan sókna má segja að bæjum, kirkjum og grafreitum hafi verið „safnað“ í stærri einingar og farið að flokka kirkjur eftir hve mikla þjónustu þær veittu. Að bænhúsi lá t.d. einungis heimilið sem að því stóð. Sóknir landsins mynduðu prestaköll þar sem prestar þjónuðu öllum kirkjum innan hvers kalls og var ein sókn (þing) eða fleiri í hverju prestakalli. Prestar fengu kirkjujarðir (kirkjulén) til búskapar og bjuggu eins og þær væru þeirra eigin eign. Margir urðu stórauðgir.

Á 13. og 14. öld má búast við að sóknarkirkjugarðar hafi verið í aðalhlutverki sem legstaðir fólks sem ekki átti aðgang að heima-grafreit, og gera má ráð fyrir að þeim hafi fækkað hratt. Árið 1394 átti Sjávarborgarprestur að þjóna hálfkirkjunni að Gili í Borgarsveit<sup>12</sup> annan hvern helgidag frá Mikaelsmessu til fardaga og framkvæma allar prestskyldur þar aðrar en að grafa lík. Þau átti að flytja til Sjávarborgar og grafa þar. Gilskirkja hefur þá verið búin að

---

<sup>7</sup> Þormóður Sveinsson, 1954. Bls. 45. Árni Daniel Júlíusson, 1995. Bls. 103.

<sup>8</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn I, 1857-76. Bls. 80. Biskup átti að segja til um hvernig haga skyldi kirkjusóknum í hverjum hrepp.

<sup>9</sup> Einar Laxness, i-r, 1995. Bls. 41.

<sup>10</sup> Sturlunga saga II, 1946. Bls. 197.

<sup>11</sup> Björn Þorsteinsson, 1978. Bls. 74.

<sup>12</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn III, 1896. Bls. 430.

missa graftarleyfið því þar var grafið einhvern tíma fyrr. Um það vitna mannabein sem komu upp úr kristnum grafreit þar 1960.<sup>13</sup>

Sóknarmörk hafa víða verið leyst upp frá því fyrst var skipað sóknum, af kirkjupólítískum ástæðum, til hagræðingar og vegna náttúruhamfara. Kirkjueigendum gæti hafa verið heimilað að breyta kirkju í bænhús fremur en að leggja hana niður þegar sóknarskipan var komið. Þá má vel vera að fólk hafi fengið leyfi til að byggja bænhús fremur en kirkjur með fullum réttindum er tím- ar liðu.

Svokölluð staðarmál má rekja til þess að páfi krafðist þess á 12. öld að bændur, sem höfðu reist kirkju og helgað Guði hús og stað, hættu að haga sér eins og þeir ættu þá sjálfir og áttuðu sig á að kirkjan ætti það sem búíð væri að gefa henni og samþykktu umboð biskupa til að gæta hagsmuna kirkjustaðanna. Bændur gætu hins vegar fengið þá að léni (láni, leigu gegn greiðslu) frá biskupum. Þannig vildi kirkjan ná fullum yfirráðum yfir kirkjustöðunum og treysta vald sitt. Fjölskyldur, sem upphaflega reistu kirkjur og höfðu lagt eignir og afgang jarða til þeirra og áskilið „bæði sér og niðjum sínum umráð yfir þeim og tekjum þeirra“<sup>14</sup>, urðu vægast sagt óánægðar og mótmæltu þessu harðlega. Væringar sem af þessu leiddu fléttuðust saman við valdabaráttu milli fjölskyldna og ætta á 13. öld og grimmileg átök milli kirkjunnar og veraldlegra höfðingja.<sup>15</sup> Í þeim átökum hafði kirkjan betur og Noregskonungur náði yfirtökum í hinu veraldlega vafstri. Kirkjan hóf að safna til sín jarðeignum í stórum stíl og um siðbreytingu átti hún um 45% jarðeigna á landinu, sem þá gengu til konungs.

---

<sup>13</sup> Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999. Bls. 320.

<sup>14</sup> Einar Laxness, s-ö, 1995. Bls. 53.

<sup>15</sup> Þessi barátta birtist m.a. í átökum milli valdaætta og biskupa í Sturlunga sögu, sem að mestu gerist á 13. öld. Þar koma fyrir helstu höfðingjar Skagfirðinga og bæir nefndir þar sem þeir bjuggu eða voru þeim tengdir með ýmsum hætti. Af þeim 57 bæjum sem þar eru nefndir í Skagafirði voru 42 kirkjustaðir, sem flestir urðu eign kirkjunnar á 13.-14. öld.

Á 14. öld var búið að flokka kirkjurnar eftir stöðu þeirra, sem fór eftir því hve oft þeim var þjónað og messað, í dómkirkjur, alkirkjur, hálfkirkjur (einnig fjórðungs- eða þriðjungskirkjur) og bænhus.<sup>16</sup> Æðstar og veglegastar voru **dómkirkjurnar** á biskupsstólunum þar sem messað var hvern helgan dag og þeim tilheyrðu vígðir grafreitir til greftrunar.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar voru einnig kirkjugarðar. Sóknarkirkjurnar virðast ýmist hafa verið hálf- eða alkirkjur til að byrja með. Á 15. öld voru þær allar alkirkjur. Djákni aðstoðaði prest ef margar hálfkirkjur heyrðu undir sóknarkirkju. Djáknar máttu messa, en ekki vígja eða jarða.

Á **hálfkirkjum**, útkirkjum (annexíum) var messað annan hvern helgan dag. Þeim tilheyrðu vígðir kirkjugarðar þar sem mátti grafa lík. Réttindi hálfkirkna virðast hafa minnkað stig af stigi eftir því sem aldir liðu og mörgum hálfkirkjum og einstaka alkirkjum var breytt í bænhus.

**Bænhus**, heimiliskapellur. Vísbindingar eru um að bænhusin hafi verið arftakar 11. – 12. aldar kirkna með vígðum heimilisgrafreit. Samkvæmt elsta kristnirétti þurftu öll guðshús leyfi til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Það breyttist. Á 14. öld var búið að flokka kirkjurnar eftir þjónustustigi og taka flest leyfi af minnstu kirkjunum, nema biðjast fyrir. Í biskupstilskipun frá 1327 segir að ekki megi „konur leidast j kirkiu ad Bænhvsum. edur Börn skíjraz edur hion samannvijgiast. og huorgi nema ad soknarkirkiu“.<sup>17</sup> Á prestastefnu á Flugumýri árið 1595 var ályktað að það skuli standa sem í Kristnirétti sagði „ad Bænhws skuli slijk þýrmsl sem alkyrki-

---

<sup>16</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn V, 1898. Bls. 360.

<sup>17</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn II, 1893. Bls. 638. Ekki mátti leiða konur í kirkju í bænhusi (eftir barnsburð), skíra börn eða gifta hjón.

ur. auk heildur hálfkirkj[u]r síjn fríjheit hafa<sup>18</sup>, ef eigendur þeirra haldi þeim vel við og forsmái þau ekki. Skilgreining um bænhús virðist ekki alltaf sú sama því í 9. bindi Jarðabókar frá 1709-1713 er fremur talað um öll smærri kirkjuhús sem bænhús en ákveðið fyrirkomulag.

Í Skagafirði var eitt **klaustur**, nunnuklaustur af reglu Benediktína á Stað í Reynisnesi, Reynistað eins og nú heitir, sem starfaði frá 1295–1552. Annað tveggja nunnuklaustra á landinu. Hitt var á Kirkjubæ fyrir sunnan.

Eftir siðbreytinguna, á árunum 1550-1555, var fjöldi hálfkirkna og bænhúsa lagður niður og þeim virðist hafa fækkað jafnt og þétt fram á 18. öld.

### **Kirkjur í Skagafirði**

Ritheimildir um elstu kirkjur eru flestar frá 13. og 14. öld og þær eru ótraustar. Miðað við þær upplýsingar sem hafa komið úr jörðu frá 11. til 12. aldar er greinilegt að 14. aldar heimildir gilda ekki um allt kirkjuhald. Hvorki þá né fyrr. Þó skal ekki dregið í efa að kirkja hafi staðið á þeim jörðum á 11. öld sem nefndar hafa verið sem fulltrúar kirkjujarða hingað til. Mögulega voru um 130 kirkja í Skagafirði á 11. öld. Þær eru skráðar hér frá Skaga í vestri til Úlfsdala í austri og taldar upp samkvæmt núverandi sóknarskipulagi þannig að núverandi sóknarkirkja er nefnd fyrst í hverjum sóknarkafli en kirkjujarðir í landfræðilegri röð þar á eftir. Skoðað er hvar kirkjur voru en einnig hver þjónustuleg staða þeirra var þegar þeirra er fyrst getið.

### ***Ketu- og Hvammssóknir***

1. **Ketukirkja** á Skaga er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318 og sögð með prestskyldu.<sup>19</sup> Ketukirkju er

---

<sup>18</sup> Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar, 1919-1942. Bls. 506. Bænhús átti að halda helgi sinni og hálfkirkjur fríðindum sínum.

<sup>19</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 488. *Kirkjur Íslands* 5 (2005), bls. 72-93.



hvergi annars staðar getið í máldögum. Hún hefur þó sennilega lengst af verið hálfkirkja með sóknarkirkjukvöðum og útkirkja (annexía) frá Hvammskirkju í Laxárdal. Í Ketu er enn kirkja og kirkjuhúsið frá 1892 er friðað samkvæmt aldursákvæðum Þjóðminjalaga 106/2001.

- 2. Hvammskirkju** í Laxárdal er getið í máldaga frá 1318<sup>20</sup> þar sem sagt er að hún eigi helming Atlastaða. Hvammur er talinn hafa verið landnámsjörð Eilífs arnar Atlasonar, sem nam land undir Eilífsfjalli (Tindastóli). Sagan segir að kirkja hafi verið á Atlastöðum og að hún hafi verið færð í Hvamm.<sup>21</sup> Á 14. öld tilheyrðu 26 bæir Hvammssókn og kirkjan var þá sóknarkirkja. Hvammskirkja er í alkirkjutali 1461 með prestsskyldu.<sup>22</sup> Kirkja sú sem nú stendur er úr timbri, reist 1892, og er friðuð samkvæmt aldursákvæðum Þjóðminjalaga, 106/2001.
- 3. Foss á Skaga.** Í Jarðabók 1709 segir að Kirkjutóftarhús og Kirkjulág heiti þar sem bænhúsið stóð.<sup>23</sup> Hve lengi það stóð veit enginn.
- 4. Að Hvalnesi** á Skaga var bænhús að fornu, segir í Jarðabókinni 1709, en „fallið fyrir manna minni“.<sup>24</sup> Enginn veit hve lengi bænhús var þar.
- 5. Sævarland** í Laxárdal. Árið 1379 var þar bænhús.<sup>25</sup> Munnmæli eru um bænhús að fornu, segir Jarðabók 1709, en enginn vissi hve lengi það hafði staðið.
- 6. Að Skíðastöðum** í Laxárdal var fjórðungskirkja árið 1388<sup>26</sup> sem kölluð var bænhús 1443.<sup>27</sup> Í sóknarlýsingu séra Björns

---

<sup>20</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 468-269.

<sup>21</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar* (1954), bls. 17.

<sup>22</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 322, 360. *Sýslu- og sóknalýsingar* (1954), bls.17.

<sup>23</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 18. Minnst er á bænhúsið í *Sýslu- og sóknalýsingum* (1954), bls. 17.

<sup>24</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 12.

<sup>25</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 336; III (1896), bls. 426.

<sup>26</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 426. Í jarðaskiptabréfi frá 1388 er sagt að fjórðungskirkja sé á Skíðastöðum sem prestur tók eina mörk fyrir að þjóna. Í næstu setningu er talað um að kirkjan sé bænhús, sem vísar til þess að minni kirkjur hafi yfirleitt verið kallaðar bænhús.

Arnþórssonar frá 1840 segir að kirkja hafi fyrst verið reist á Skíðastöðum í Laxárdal og hún hafi verið flutt þaðan að Atlastöðum og þaðan í Hvamm.<sup>28</sup> Á Skíðastöðum fannst hringlaga torfhlaðinn kirkjugarður með 5 cm þykkum, hvítum, áberandi gjóskulinsum frá Heklugosinu 1104. „Engin önnur gjóska var greinanleg í torfinu. [...] Líklegt er að aldur garðsins sé 11.-13. öld en þó fundust engar vísbendingar um gröft þar fyrir 1104. Ekki fundust merki um að hann hefði verið endurbyggður þannig að vera kann að hann hafi verið hlaðinn löngu eftir að kirkjugarðurinn hefur verið tekinn í notkun ellegar að hann hafi verið stækkaður.“<sup>29</sup> Þessi 12. aldar garður var 20 m að þvermáli.

7. **Atlastaðir** í Laxárdal eru taldir hafa verið býli Atla hins ramma, Eilífssonar. Bróðursonur Atla, Þorvaldur víðförli Kodráns-son, var einn af fyrstu trúboðum á Íslandi og er sagður hafa kristnað og skírt Atla er hann kom í kristniboðsferð til Skagafjarðar á 10. öld. Líklegt er að þar hafi snemma risið kirkja, samanber frásögn Björns Arnþórssonar sóknarprests frá 1840 um kirkjuflutninga frá Skíðastöðum í Atlastaði og þaðan í Hvamm, en bærinn fór í eyði í lok miðalda. Ekkert er vitað með vissu um kirkju á Atlastöðum en hér fær sagan að njóta vafans.

### *Fagranes-, Sjávarborgar- og Saudárkrókssóknir*

8. Heinrekur Hólabiskup vígði kirkju á **Fagranesi** á Reykjaströnd árið 1254.<sup>30</sup> Hvort það var fyrsta kirkjan á staðnum sem þar var vígð eða ný kirkjubygging vitum við ekki en hugsanlega var Fagraneskirkja þá formlega tekin í notkun sem sóknarkirkja. Fagraneskirkja er í máldaga frá 1318, sem alkirkja með prestskyldu og fékk ljós- og heytoll af 14 bæjum. Árið 1394 var þar heimilisprestur með sama greiðandi sóknarbæjafjölda, en þeir voru 15 árið 1360.<sup>31</sup> Fagranes er í alkirkjutali 1461 og skylt að

---

<sup>27</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IV (1897), bls. 643.

<sup>28</sup> *Sýslu- og sóknabýsingar 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla* (1954), bls. 17. *Kirkjur Íslands* 5 (2005), bls. 53.

<sup>29</sup> BSk. Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008), *Skagfirska kirkjurannsóknin*, bls. 5 og 8.

<sup>30</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 507.

<sup>31</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 468; III (1896), bls. 174, 562.

hafa þar prest.<sup>32</sup> Sú tilhögun hélst fram á 19. öld. Fagranes-kirkja var lögð af 1891. Enn er hægt að greina sporöskjulaga form kirkjugarðsins þar skammt frá húsum.<sup>33</sup>

9. **Reykir** á Reykjaströnd. Þar stóð kirkja á 11. öld samkvæmt Grettissögu, sennilega byggð stuttu eftir kristnitökuna á tíma sem Þorvaldar er sagður hafa búið á Reykjum.<sup>34</sup> Í Grettissögu segir að eftir dráp Grettis og Illuga hafa menn sótt líkin og fært þau „út til Reykja á Reykjaströnd og grófu þar að kirkju. Og er það til marks að Grettir liggur þar að um daga Sturlunga er kirkja var færð að Reykjum voru grafin upp bein Grettis og þótti þeim geysistór og þó mikil.“<sup>35</sup> Á lítilli hölbungu stóðu fjárhús og var grjótrétt ofan þeirra. Þar voru tóftir og hringlaga garður utan um, norðan, austan og sunnan réttarinnar, áður en sléttað var vegna túnræktunar.<sup>36</sup> Kirkjugarðs var leitað sumarið 2010 en engin merki fundust um hann.
10. **Ingveldarstaðir** á Reykjaströnd. Í Jarðabók 1709 segir að þar hafi verið bænhús að fornu en affallið „fyrir vel 20 árum, en ekki tíðir veittar í manna minni“.<sup>37</sup> Skemma sem stóð þar á hlaðinu „um 10 metrum sunnan við syðri bæinn“<sup>38</sup> var talin standa á grunni bænhússins.
11. Á **Heiði** í Gönguskörðum var bænhússkylda árið 1389.<sup>39</sup>
12. Þann 2. janúar 1393 var **Sauðá** seld og tekið fram að jörðinni fylgdi hálfkirkjuskylda.<sup>40</sup> Ári seinna átti Borgarprestur að „syngja þar annan huorn dag helgann. paskadag. krossmessu og Nicolausmessu“.<sup>41</sup> Öld seinna voru enn sömu skyldur á jörðinni.<sup>42</sup> Bænhús stóð þar enn árið 1709 segir í Jarðabók-

---

<sup>32</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 330, 361.

<sup>33</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar I* (1999), bls. 228-9.

<sup>34</sup> *Íslendingasögur og þættir* II (1987), bls. 1062.

<sup>35</sup> *Íslendingasögur og þættir* II (1987), bls. 1065.

<sup>36</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar I* (1999), bls. 196-7.

<sup>37</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 34.

<sup>38</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar I* (1999), bls. 205.

<sup>39</sup> DI *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 497.

<sup>40</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* X (1909-1913), bls. 22.

<sup>41</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 430.

<sup>42</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* VII (1903-1907), bls. 237.

inni.<sup>43</sup> Mannabein og hleðsluleifar fundust við framkvæmdir árið 2000 norðaustan við bæjarhólinn og víst að þarna var kirkjugarður á 11. öld.<sup>44</sup> Sé rétt hugmynd séra Sveins Víkings um að Sæmundur suðureyski hafi verið kristinn maður<sup>45</sup> er hugsanlegt að Sauðá hafi verið einn af bústöðunum í landnámi hans og að kirkja hafi staðið þar lengur en nokkurn grunar.

13. **Sauðárkrókur.** Þéttbýli byggðist upp í landi Sauðár á 19. og 20. öld. Þar reis kirkja 1891 til 1892, sem er friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001.
14. **Sjávarborg** í Borgarsveit. Kirkju er fyrst getið þar í kirkju-máldaga frá 1318 þar sem sagt er að prestskylda sé á alkirkjunni á Borg og að hey- og lýsistollur sé tekinn af 7 bæjum. Kirkjan er einnig í máldögum 1360, 1394, 1461 og 1569 til 1570 sem alkirkja með prestsskyldu.<sup>46</sup> Borgarprestur þjónaði guðshúsum á Hellulandi, Utanverðunesi, Keflavík í Hegranesi, Sauðá og Gili.<sup>47</sup> Á seinni hluta 18. aldar var Sjávarborgarkirkja orðin annexía frá Fagranesi.<sup>48</sup> Árið 1892 var kirkjan lögð niður en hefur verið endurvígð. Núverandi kirkjuhús er reist 1857 og tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.
15. Á **Kimbastöðum** í Borgarsveit var bænhús samkvæmt próventubrési frá 1570.<sup>49</sup>
16. Á **Gili** í Borgarsveit var hálfkirkja árið 1394 sem Borgarprestur þjónaði.<sup>50</sup> Gíslmenn áttu að sækja messur til Sjávarborgar og þar var grafreitir þeirra. Talað er um bænhús á Gili í máldaga Sjávarborgarkirkju frá 1399.<sup>51</sup> Um 1960 skóf jarðýta ofan af

---

<sup>43</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 50.

<sup>44</sup> Þjms. Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl (2000).

<sup>45</sup> Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*, bls. 62.

<sup>46</sup> DI *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 467-8; III (1896), bls. 172-173, 529; V (1898), bls. 361. *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 281, 319.

<sup>47</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 430, 529.

<sup>48</sup> Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

<sup>49</sup> Í bréfi frá 1570 er sagt frá bænhúsi. Sjá *Byggðasögu Skegafjarðar* I (1999), bls. 311.

<sup>50</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 430.

<sup>51</sup> Borgarprestur átti að framkvæma allar prestskyldur þar utan söng frá fardögum til Michaelsmessu. Einnig segir að lík skuli færast frá Gili og Borgarprestur að jarðsyngja á Borg (DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 430).

mannabeinum sem gætu hafa legið í hinum forna Gilskirkju-garði.<sup>52</sup> Sumarið 2009 var rannsakað hvort kirkjan hefði staðið á svokölluðum Burðarhóli, sem álitíð var að gæti komið til greina sem fyrrum kirkjustaður, en svo var ekki. Sennilegt er að hún hafi staðið austan við Burðarhólinn þar sem mannabein komu í ljós 1960.<sup>53</sup>

## **Reynistaðarsókn**

17. Afkomendur Þorfinns karlsefnis Þórðarsonar og Guðríðar Þorbjarnardóttur bjuggu á **Reynistað** á 11. öld. Nokkuð víst þykir að kirkja hafi risið þar fljótlega eftir kristnitökuna. Ritheimildir nefna fyrst kirkju á Stað 1198 þegar Guðmundur góði Arason varð þar prestur.<sup>54</sup> Kirkjan er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318 og er í alkirkjutali 1461. Þá voru 2 prestar og 2 djáknar við klausturskirkjuna<sup>55</sup> Núverandi kirkja á Reynistað er reist 1868 til 1870 og er friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga 106/2001.
18. Elstu heimildir um kirkju í **Vík** í Víkurparti er bréf dagsett 23. apríl 1440.<sup>56</sup> Hálfkirkja var þar árið 1709 og messað en kirkjan var lögð niður í síðasta lagi 1765.<sup>57</sup> Tún stutt neðan við bæ heitir Bænhúsvöllur og talið að kirkjan hafi staðið þar.<sup>58</sup>
19. **Hafsteinsstaðir** var ein af stofnjörðum Reynistaðarklausturs 1295 og engin leiga tekin þar fremur en af heimajörð klaustursins.<sup>59</sup> Um miðja 20. öld og aftur 1987 þegar grafinn var húsgrunnur við gamla bæjarhólinn komu upp mannabein „á skilum malar og moldar“.<sup>60</sup> Ábúandi segir þau munnmæli hafi fylgt

---

<sup>52</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* I (1999), bls. 320.

<sup>53</sup> Guðný Zoëga (2009), *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*, bls. 15.

<sup>54</sup> *Sturlunga Saga* I (1946), bls. 142.

<sup>55</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 488; V (1898), bls. 361.

<sup>56</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IV (1897), bls. 606. Hálfkirkjan átti að taka heimatúndir og ljóstolla, en aðrar tíundir og ljóstolla þeirra er þar eru heimilisfastir áttu að greiðast til Reynistaðarklausturs.

<sup>57</sup> Árið 1765 var fjöldi kirkja og bænhúsa lagður niður, að konungsboði.

<sup>58</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001), bls. 101.

<sup>59</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 301, 398. Það voru einu jarðirnar sem ekki guldu leigu til klaustursins.

<sup>60</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001), bls. 119.

jörðinni að þar hafi verið bænhús eða hálfkirkja til forna. Engar ritheimildir eru um kirkju á Hafsteinsstöðum en manna-beinafundir og munnmæli njóta vafans. Sumarið 2010 var leit að eftir kirkjugarði þar sem beinin fundust. Engin merki voru þar um kirkjugarð.

20. **Gvendarstaðir** á Víðidal. Menn á 18. öld töldu að þar hefði verið kirkjustaður og minntust kirkjugarðsleifa þar sem áin braut af bakka og mannabein komu fram.<sup>61</sup> Sennilega er hér um rugling að ræða og að menn hafi átt við Helgastaði. Bærinn er látinn njóta vafans.
21. Munnmæli eru um mannabein í jörðu á **Helgastöðum** í Víðidal. Talið hefur verið að Helgastaðir og aðrir bæir á Víðdal hafi farið í eyði í plágunni síðari 1495-6.<sup>62</sup>
22. Á **Hóli** í Sæmundarhlíð hét Bænhústóft á hlaði 1713 og hefur verið þar bænhús að fornu, segir í Jarðabók.<sup>63</sup>
23. Að **Holtsmúla** á Langholti fundust mannabein á brún Melsgils, austan Staðarár, sumarið 2006, sem gæti verið frá heiðnum sið.<sup>64</sup> Árið 1970 fundust höfuðkúpur og fleiri mannabein fáeinum metrum sunnan við íbúðarhúsið, þegar grafið var fyrir afrennsli í votheysgryfju. Gamli torfbærinn stóð þar rétt vestan við. Þjóðminjavörður kannaði svæðið en engar frekari rannsóknir voru framkvæmdar. Engar heimildir eru um kirkju í Holtsmúla en vegna beinafundarins nýtur staðurinn vafans.

### *Glaumbæjarsókn*

24. Samkvæmt Grænlandingasögu lét Snorri Þorfinnsson reisa fyrstu kirkju í **Glaumbæ** á Langholti á fyrri hluta 11. aldar.<sup>65</sup> Kirkjan er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318

---

<sup>61</sup> *Jarða - og búendatal* í Skagafjarðarsýslu 1781-1949 (1950), bls. 73.

<sup>62</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001), bls. 165.

<sup>63</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 77.

<sup>64</sup> Sjá áfangaskýrslu BSK., Guðnýjar Zoëga um *Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði*, frá 2006.

<sup>65</sup> Svo segir: „er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ“. *Grænlandinga saga*, bls. 1109.

og var alkirkja 1360, 1394 og 1461<sup>66</sup> með tveggja presta skyldu og djákna að auki á 15. öld. Þingaprestur í Glaumbæ þjónaði Sólheimakirkju.<sup>67</sup> Núverandi kirkja er byggð 1926.

**25. Á hlaðinu á Skarðsá** í Sæmundarhlíð stóð skemma árið 1713 kölluð bænhús.<sup>68</sup>

**26. Sólheimar** í Sæmundarhlíð. Kaupbréf frá 1378 getur um kirkju þar og átti að messa hvern helgan dag<sup>69</sup> og „luka ut preste iiii merkur j kaup“<sup>70</sup> og veita honum fylgd yfir að Glaumbæ. Það þýðir sennilega að Sólheimakirkja var alkirkja á þeim tíma en í Jarðabók 1713 er sagt að þarna hafi verið bænhús til forna og tóftarleifar á hlaði. Í *Prestatali og prófasta* er talað um hálfkirkju í Sólheimum. Tóftarleifarnar voru enn sjáanlegar 1842.<sup>71</sup>

**27. Geldingaholt.** Kirkja var þar árið 1255<sup>72</sup> og hún er tilgreind í máldaga 1318 með prest og djákna. Holtsprestur átti þá að þjóna á Seylu og Ríp.<sup>73</sup> Kirkjan er í alkirkjutali 1569<sup>74</sup> en hún var aftekin 1765 samkvæmt konungsrúrkurði<sup>75</sup> 1768 segir í sóknarlýsingu frá 1842.<sup>76</sup> Austur af gamla bænum í Geldingaholti má vel greina hringlaga form gamla kirkjugarðsins.<sup>77</sup>

**28. Seylukirkja** á Langholti kemur fyrir í Sturlungu þar sem sagt er að Oddur Þórarinnsson hafi verið grafinn árið 1255 „undir kirkjugarðinum, - en þó var engi gröftr at þeirri kirkju“.<sup>78</sup> Í mál-

---

<sup>66</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1892), bls. 488; III (1896), bls. 174, 564.

<sup>67</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 361. Þing - prestakall, umdæmi prests. Grágás (2001), bls. 8.

<sup>68</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 82.

<sup>69</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 332-333.

<sup>70</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 333.

<sup>71</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar* II (1954), bls. 66. Sveinn Nielsson taldi að Sólheimakirkja hafi ekki verið aflögð formlega fyrr en 1765 (Sveinn Nielsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 245)

<sup>72</sup> *Sturlunga saga* II (1946), bls. 513, 516.

<sup>73</sup> DI *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 467.

<sup>74</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279.

<sup>75</sup> *Lovsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772), bls. 526.

<sup>76</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar* II (1954), bls. 66.

<sup>77</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001), bls. 328-330.

<sup>78</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 516. Inn undir kirkjugarðinn. Enginn gröftr var að þeirri kirkju.

daga 1318 er sagt að Geldingaholtsprestur eigi að þjóna þar fyrir 4 merkur.<sup>79</sup> Árið 1713 var þar bænhús „og tíðir veittar af prestinum í Glaumbæ“.<sup>80</sup> Það var aflagt á 18. öld. Kirkjuhóll heitir þar sem kirkjan á að hafa staðið og kirkjugarðurinn var staðfestur með jarðsjá og könnunarskurði sem tekinn var 2009 og leiddi í ljós grafreit frá því eftir 1100. Sama ár kom í ljós annar kirkjugarður, um 80 metrum austur af Kirkjuhóli, með ferhyrndri tóft í miðju, aldursgreindur til 11. aldar.<sup>81</sup>

**29. Vellir** í Vallhólmi. Kirkjumáldagi frá 1318 getur þar um al-kirkju sem sennilega var sóknarkirkja. Vallaprestur þjónaði Akarakirkju fyrir 4 merkur.<sup>82</sup> Vallalaug, sem er mitt á milli Valla og Vallholtsbæjanna, var áningarstaður allra sem fóru vestur og austur um miðhéraðið fram á 18. öld. Á Völlum þóttust menn enn sjá hvar kirkjan stóð árið 1713<sup>83</sup> og má enn sjá móta fyrir hringlaga formi garðsins norðan búpeningshúsa.<sup>84</sup>

### **Víðimýrarsókn**

**30. Víðimýrarkirkju** er getið á 12. öld. Þar bjó sennilega Brandur prestur Úlfhéðinsson, sem Hvamms-Sturla hitti við Vallalaug 1158 og sem Sveinn Niélssson segir að hafi einnig þjónað Glaumbæjarkirkju.<sup>85</sup> Höfðingjasonurinn Örn Þorkelsson frá Víðimýri var einn þeirra sem Jón Ögmundarson biskup réði til sín að Hólum 1106 og var sennilega prestur.<sup>86</sup> Guðmundur Arason góði varð prestur hjá Kolbeini Tumasyni skáldi og goða á Víðimýri árið 1199.<sup>87</sup> Kirkjunnar er getið í máldaga frá 1318 sem alkirkju og áttu þá að þjóna henni bæði prestur og djákni sem sáu einnig um að þjóna á sex bænhúsum í sókninni.

---

<sup>79</sup> DI *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 467.

<sup>80</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 90. Þar sat Halldór Þorbergsson Seyluannálsritari (1641-1658).

<sup>81</sup> Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*, bls. 18-24.

<sup>82</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 466. Í máldaganum segir í sviga „sem nú kallast Glaumbæ“ en einnig að hann eigi við kirkjuna að Völlum í Hólmi.

<sup>83</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 108.

<sup>84</sup> *Bygðasaga Skagafjarða* II (2001), bls. 362.

<sup>85</sup> Sveinn Niélssson (1950). *Prestatal og prófata á Íslandi*, bls. 245. Brandur gæti eins hafa setið á Völlum og þjónað Glaumbæ, Víðimýri og Akarakirkju þaðan.

<sup>86</sup> *Byskupa sögur* II. Hólabyskupar (1948), bls. 42.

<sup>87</sup> *Sturlunga Saga* I (1946), bls. 142.



Ekki er getið hvar þau voru en 2 voru niðurbrotin.<sup>88</sup> Á seinni hluta 18. aldar var Víðimýrarkirkja orðin annexía frá Glaumbæ.<sup>89</sup> Núverandi kirkja var reist 1834 og er í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

31. Bænhús var að **Syðra-Vallholti** 1394 og Miklabæjarprestur þjónaði þar „með fornri skýlld“.<sup>90</sup> Árið 1713 var bænhúsið notað sem skemma.<sup>91</sup> Syðra-Vallholt var lengi prestssetur.<sup>92</sup>
32. Í **Ytra-Vallholti** er nefnt bænhús í kirkjutali 1394 og í máldögum Miklabæjarkirkju 1394, 1405 og 1622 segir að prestur þar þjóni bænhúsi á báðum Vallholtsbæjunum.<sup>93</sup>
33. Á **Krithóli** (Gegnishóli) á Neðribyggð var bænhús samkvæmt jarðaskiptabréfi árið 1478.<sup>94</sup>
34. Í **Valadal** á Skörðum var bænhús til forna, segir Jarðabókin 1713.<sup>95</sup>

### **Reykjasókn**

35. Á **Reykjum í Tungusveit** var kirkja árið 1238 þegar Kolbeinn ungi gekk til skrifta hjá Þórði presti á meðan Gissur þrumaði ræðu yfir mönnum fyrir Örlygsstaðabardaga.<sup>96</sup> Kirkjan er alkirkja í Auðunarmáldaga 1318, og tók prestur 4 merkur af Reykjum og Dal (Héraðsdal) fyrir þjónustu sína.<sup>97</sup> Árið 1461 átti að vera þar heimilisprestur og þjóna einnig Dalskirkju.<sup>98</sup> Á seinni hluta 18. aldar var Reykjakirkja annexía frá Mælifelli.<sup>99</sup>

---

<sup>88</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 466. Prestur tók tvær merkur af hverju og eina af brotnu.

<sup>89</sup> Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

<sup>90</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 565.

<sup>91</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 105.

<sup>92</sup> Þar sat séra Gunnlaugur Þorsteinsson 1631-1674, sá er ritaði Vallholtsannál.

<sup>93</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 565; XII, 1200-1545 (1923), bls. 37.

<sup>94</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IV (1897), bls. 145-146. Gegnishóll eða Kryddhóll.

<sup>95</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 84.

<sup>96</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 416.

<sup>97</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 465-466.

<sup>98</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IV (1897), bls. 256; DI *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 329, 360-361.

<sup>99</sup> Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

Núverandi kirkja á Reykjum er timburhús, reist 1896 og er friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga.

- 36. Álfgaersvellir** á Efríbyggð er talin vera landnámsjörð Álfgaers.<sup>100</sup> Talið er að þar hafi verið kirkja eða bænhús í kaþólskum sið segir í Jarðabók<sup>101</sup> og að þar standi enn skemma á hlaðinu sem áður var bænhúsið. Á loftmynd má greina hringlaga form suðvestur af gamla bæjarstæðinu sem gæti verið gamall kirkjugarður.<sup>102</sup>
- 37. Á Skíðastöðum** á Neðribyggð stóð bænhús í byrjun 18. aldar, segir í Jarðabók 1713, og stóð húsið enn.<sup>103</sup> Höfuðkúpa af manni kom upp skammt fyrir utan húsatóft sem enn sést. Beinín komu upp þegar grafið var fyrir útihúsi einhvern tíma á bilinu 1904 til 1910.<sup>104</sup> Norðvestan við íbúðarhúsið, sem enn stendur, má á loftmyndum sjá óljóst hringlaga form sem gæti verið leifar kirkjugarðsins.<sup>105</sup>
- 38. Á Steinsstöðum** bjó á 11. öld Tungu-Steinn Bjarnarson, Ófeigssonar, Kráku-Hreiðarssonar landnámsmanns.<sup>106</sup> Árin 1993 fundust 11. aldar mannabein, sem lágu í kristnum grafreit. Árið 2008 var komið niður á tvær beinagrindur. Á „80 cm dýpi í smærri gröfinni komu fram leifar beinagrindar ungbarns en hún var mjög illa varðveitt og var ekki hróflað frekar við henni. Í stærri gröfinni kom svo fram beinagrind, einnig á um 80 cm dýpi. Beinagrindin reyndist af fullorðnum karlmanni og var hún mjög vel varðveitt“.<sup>107</sup> Stoðarhola og leifar niðurgrafinnar stoðar gætu verið merki um kirkjuna.
- 39. Í Héraðsdal** í Tungusveit er sögð hálfkirkja í Auðunarmáldaga 1318 og tekið fram að Reykjaprestur skuli þjóna Héraðs-

---

<sup>100</sup> *Íslenskt fornrit*, 1. bindi. Íslendingabók, Landnámabók, síðari hluti (1968), bls. 230.

<sup>101</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 111.

<sup>102</sup> Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir tynast, gleymast nöfn. ... (2009)*, bls. 37.

<sup>103</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 114.

<sup>104</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar III* (2004), bls. 92.

<sup>105</sup> Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir tynast, gleymast nöfn. ... (2009)*, bls. 45.

<sup>106</sup> *Íslendingasögur og þættir II*, Grettis saga (1987), bls. 1063.

<sup>107</sup> BSk. Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*, bls. 13.

dal fyrir 4 merkur. Sama fyrirkomulag var 1461 en gjaldið hafði minnkað um eina mörk.<sup>108</sup> Í byrjun 18. aldar fékk kirkjan þjónustu frá Mælifellspresti þrisvar á ári.<sup>109</sup> Dalskirkja var sennilega lögð af 1765 en húsið stóð enn uppi 1785.<sup>110</sup>

### ***Mælifellssókn***

- 40. Á Mælifelli** átti landnámsmaðurinn Vékell hamrammi að hafa búíð. Mælifellskirkja var alkirkja með tveggja presta skyldu í - máldögum frá 1318.<sup>111</sup> Þjónaði heimaprestur á 4 bænhúsum en þingaprestur í Lýtingsstaðakirkju og á 2 bænhúsum. Á 15. öld var þar djákni auk prests.<sup>112</sup> Þá lágu 6 tollskyldir bæir til kirkjunnar, með lýsi og hey. Mælifell var prestssetur til 2008. Núverandi kirkja var reist 1924. Gamli kirkjugarðsins er austan við núverandi garð.
- 41. Syðri-Mælifellsá** á Efribyggð. Bænhús var til forna á Kirkjuhóli og sáust tóftarbrot 1713.<sup>113</sup>
- 42. Á Hömrum** á Fremribyggð var bænhús og stóð húsið enn 1713 segir í Jarðabók.<sup>114</sup>
- 43. Lýtingsstaðir** í Tungusveit eru í kirkjumáldögum á 14. öld og sagt að Mælifellsprestur megi taka 4 merkur fyrir að þjóna hálfkirkjunni þar en 1461 tók hann 3 merkur.<sup>115</sup> Árið 1713 var þar hálfkirkja þar sem sungnar voru tíðir þrisvar á ári.<sup>116</sup> Árið 1839 var farið að nota kirkjuhúsið sem þinghús.<sup>117</sup>
- 44. Að Hafgrímsstöðum** á Fremribyggð er sögð hálfkirkja í máldaga 1318 og sagt að þingaprestur á Mælifelli taki hálfra mörk

---

<sup>108</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* IV (1897), bls. 329.

<sup>109</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 138.

<sup>110</sup> *Sýslu- og sóknahýsingar* II (1954), bls. 76-77.

<sup>111</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 465.

<sup>112</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 327, 360; DI. III (1896), bls. 176.

<sup>113</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 116-117.

<sup>114</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 120.

<sup>115</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 465.

<sup>116</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 129.

<sup>117</sup> *Sýslu- og sóknahýsingar* II (1954), bls. 76-77.

fyrir að þjóna henni<sup>118</sup> Árin 1377 og 1461 var kostnaðurinn 2 merkur á Hafgrímsstaðakirkju og Mælifellsprestur þjónaði henni „þrisvar á ári“ 1713.<sup>119</sup>

**45. Gilhagi** á Fremribyggð. Þar var sagt bænhús á 16. öld<sup>120</sup> en í Jarðabók 1713 er talað um kirkju- og kirkjugarðsleifar. Þar höfðu fundist mannabein í bakka við bæjarlækinn.<sup>121</sup> Hægt er að greina hringform kirkjugarðsins á loftmynd.<sup>122</sup>

### ***Goðdala- og Ábæjarsóknir***

**46. Goðdalir** í Vesturdal. Þar bjó að sögn á 11. öld Eiríkur afkomandi Eiríks landnámsmanns Hróaldssonar.<sup>123</sup> Alkirkja er þar 1318<sup>124</sup> með prestskyldu og djákna að auki og tók ljós- og heytoll af 9 bæjum.<sup>125</sup> Goðdalir eru í alkirkjutali 1461 með prest og djákna.<sup>126</sup> Sama fyrirkomulag var þar árið 1569.<sup>127</sup> Prestsetur var á Goðdölum fram á 20. öld. Núverandi kirkja er timburhús, reist 1904, og friðuð samkvæmt aldursákvæði í Þjóðminjalögum 106/2001. Innan núverandi kirkjugarðs má greina hringlaga form gamla kirkjugarðsins.

**47. Hof** í Vesturdal var landnámsjörð Eiríks Hróaldssonar. Á 11. öld er talið að barnabarn hans Eiríkur Hólmgöngu-Starrason hafi búið þar.<sup>128</sup> Hofskirkja er í máldögum 1318 og 1461.<sup>129</sup> Kirkjan er í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569<sup>130</sup> en fallin 1713. Þá sá bæði fyrir kirkju og kirkjugarði, en þar

---

<sup>118</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 465.

<sup>119</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 176; V (1898), bls. 327. *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 133. Sveinn Nielsson (1950). *Prestatal og prófata á Íslandi*, bls. 246. Segir að þar hafi verið fjórðungskirkja.

<sup>120</sup> *Bygðasaga Skagafjarðar* 3 (2004), bls. 419.

<sup>121</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 122. Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögum“, bls. 31.

<sup>122</sup> Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. ...* (2009), bls. 38.

<sup>123</sup> *Íslendingasögur og þættir* II (1987), bls. 1063.

<sup>124</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 464 og 488.

<sup>125</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 176-177.

<sup>126</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 563; DI. V, bls. 247.

<sup>127</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 276.

<sup>128</sup> *Íslendingasögur og þættir* II (1987), bls. 1063.

<sup>129</sup> Hofskirkja kemur fyrir í jarðakaupabréfi frá 1377 (DI III (1896), bls. 318)

<sup>130</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279.

hafði ekki verið grafið í 80 ár og ekki tíðir veittar í manna minnum.<sup>131</sup>

48. **Bjarnarstaðahlíðar** í Vesturdal er getið 1318 og sagt að heimilisprestur á Hofi þjóni þar fyrir 3 merkur.<sup>132</sup> Hlíðarkirkja hefur þá verið hálfkirkja. Jarðabókin segir að þar hafi verið bænhús 1713 og að húsið standi enn en tíðir ekki veittar í manna minni.<sup>133</sup>
49. Að **Hraunþúfuklaustri** í Vesturdal fannst kirkjuklukka fyrir langalöngu.<sup>134</sup> Árið 1729 var sagt að þar hefði „verið kirkju-staður og heitið Á Klaustrum“.<sup>135</sup>
50. **Merkigil** í Austurdal. Bænhús var á Merkigili í kaþólskri tíð og sennilega fram yfir 1600. Í vitnisburðarbréfi frá 1663 og 1673 kemur fram að Goðdalaprestur hafi embættað á Merkigili.<sup>136</sup> Árið 1713 vottaði „enn fyrir kirkjugarðs leifum, en húsið er affallið fyrir löngu og hefur bæjarlækurinn burt grafið helmíng grundvallarins“<sup>137</sup>, segir í Jarðabókinni. Mannabein komu úr jörðu sunnan við gamla bæjarstæðið þegar þar var byggt árið 1954.<sup>138</sup>
51. **Ábær** gæti hafa verið landnámsjörð Önundar víss. Ábæjar-kirkja var með prestskyldu í máldaga frá 1318<sup>139</sup> og hey- og ljóstollur var tekinn af 6 bæjum. Í jarðaskiptabréfi seinna á 14. öld er sagt að kirkjan „væri nidr fallin“.<sup>140</sup> Í máldaga árið 1461 var kirkjan í Ábæ enn órækt og sóknargjöld hennar féllu til Goðdalakirkju.<sup>141</sup> Ábæjarkirkja hélt sóknarkirkjustöðu fram á

---

<sup>131</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 143. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 248.

<sup>132</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 464.

<sup>133</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 146.

<sup>134</sup> *Íslenzkar þjóðsögur I* (1945), bls. 22.

<sup>135</sup> Sigurjón Páll Ísaksson (1986). „Gömul heimild um Hraunþúfuklaustur“.  
*Skagfirðingabók XV*, bls. 34.

<sup>136</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 507.

<sup>137</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 160.

<sup>138</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 507.

<sup>139</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 463.

<sup>140</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* XI (1915), bls. 23.

<sup>141</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 360. Ábæjarkirkja er þá ekki í alkirkjutali.

20. öld. Árið 1713 segir að kirkjan hafi verið flutt „undan árinna áhlaupi, hefur hjer ekki kirkjugarður verið“.<sup>142</sup> Gerð er grein fyrir merkilegri sögu Ábæjarkirkju í *Byggðasögunni*.<sup>143</sup> Núverandi kirkja í Ábæ er byggð 1921.

### **Silfrastaðasókn**

**52. Silfrastaðir** í Blönduhlíð. Þar bjó Flosi prestur Þóroddsson árið 1188.<sup>144</sup> Árið 1244 var veginn maður „suður frá kirkjugarðinum“<sup>145</sup> þar. Kirkjan er í máldaga 1318 með prestskyldu og tók ljós- og heytoll af 6 bæjum. Hún var alkirkja með sóknarskyldu, bæði 1461 og 1569.<sup>146</sup> Núverandi kirkja er timburhús, reist 1896, og friðuð samkvæmt þjóðminjalögum 106/2001.

**53. Flatatunga** á Kjálka telst vera landnámsjörð Tungu-Kára. Sagt er árið 1318 að Tunguprestur ætti einnig að þjóna á hálfkirkju en ekki er getið hvar.<sup>147</sup> Tollur var tekinn af einum bæ. Prestur sat enn í Tungu 1428<sup>148</sup> en óvíst er hve lengi það fyrirkomulag hélst. Bænhús að fornu og nýju segir Jarðabókin 1713 en tíðir ekki veittar.<sup>149</sup> Elsta heimild um Flatatungukirkju er hugsanlega hluti útskorinnar helgimyndar í Hringaríkisstíl sem rakin er til 11. eða 12. aldar<sup>150</sup> og varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands og gæti hafa verið í elstu kirkjunni í Tungu.

**54. Á Keldulandi** á Kjálka var bænhús sem var aflagt fyrir nokkru, segir í Jarðabók 1713. „Vottar hjer enn fyrir kirkjugarði og stendur skemmuhús í garðinum“.<sup>151</sup> Menn hafa giskað á að hálfkirkja sú er Flatatunguprestur átti að þjóna 1318 hafi

---

<sup>142</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 162.

<sup>143</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 43-8.

<sup>144</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 171.

<sup>145</sup> *Sturlunga saga* II (1946), bls. 48.

<sup>146</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 462; V (1898), bls. 360. *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 281, 318.

<sup>147</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 462.

<sup>148</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* IV (1896), bls. 127.

<sup>149</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 156.

<sup>150</sup> Guðbjörg Kristjánsdóttir (2000). „Fyrstu kirkjur landsins“ (175-183). *Kristni á Íslandi I*, bls. 184.

<sup>151</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 158.

verið á Keldulandi.<sup>152</sup> Á 19. öld var útskorinn trébútur til á Keldulandi sem kallaður var Nikulás karlinn og var álitinn skurðgoð frá kaþólskum tíma.<sup>153</sup> Hugsanlega var þetta síðasta leif Keldulandskirkju sem hæglega gæti hafa verið tileinkuð heilögum Nikúlaasi, enda vel í sveit sett fyrir hann sem var verndari ferðalanga og barna.

### ***Miklabæjarsókn***

- 55.** Á **Miklabæ** í Blönduhlíð var kirkja og klerkur 1234 og þá var gengið á milli „kirkjugarðs og útibúrs“.<sup>154</sup> Kirkjan er í alkirkja í máldaga 1318<sup>155</sup> með prestskyldu og djákna að auki. Fékk kirkjan þá ljós- og heytoll af 8 bæjum. Árið 1394 voru þar enn prestur og djákni og þjónaði Miklabæjarprestur einnig Akra-kirkju<sup>156</sup> og fimm bænhúsum. Samkvæmt alkirkjutali 1461 var þar prestur og djákni<sup>157</sup> og söng prestur messu í Akrakirkju hvern helgan dag. Miklibær er enn prestssetur með sóknar-kirkju. Núverandi kirkja er byggð 1973.
- 56.** **Úlfsstaðir** í Blönduhlíð hafa af sumum verið talin landnáms-jörð. Úlfsstaðakirkja er í máldaga árið 1318 og Víðivallaprestur þjónaði henni alla 14. öld fyrir 4 merkur. Í vísitásiu frá 1432 segir að hálfkirkjan á Úlfsstöðum fái þjónustu frá Miklabæ.<sup>158</sup> Víðivallaprestur þjónaði kirkjunni aftur 1461.<sup>159</sup> Úlfsstaðakirkja var lögð niður 1555. Í Jarðabókinni er sagt frá örnefnum Kirkjutóft og Kirkjuhóll sem vitnuðu um hana.<sup>160</sup> Mannabein komu þar úr jörðu nokkrum sinnum um miðja 20. öld.<sup>161</sup>
- 57.** **Sólheimar** í Blönduhlíð var bænhús í máldaga Miklabæjar-kirkju 1394<sup>162</sup> og enn 1461.<sup>163</sup> Í Jarðabók 1713 er talað um

---

<sup>152</sup> Þormóður Sveinsson (1954). „Bæjartalið í Auðunarmáldögum“, bls. 39.

<sup>153</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 486.

<sup>154</sup> *Sturlunga saga* II (1946), bls. 369-370.

<sup>155</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 461.

<sup>156</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 565.

<sup>157</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* IV (1896), bls. 511; DI. V, 1898, bls. 324, 359.

<sup>158</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* IV (1896), bls. 511.

<sup>159</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896). Bls. 535.

<sup>160</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 168.

<sup>161</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 372.

<sup>162</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 565.

hálfkirkju til forna. Þá stóð þar bænhús og sást móta fyrir kirkjugarðsleifum en tíðir voru ekki lengur veittar þar.<sup>164</sup>

58. **Miðsitju** í Blönduhlíð er getið í máldögum Miklabæjarkirkju 1394 og 1461 og sagt að prestur þjóni Miðskytjubænhúsi.<sup>165</sup>
59. **Hellu** í Blönduhlíð er getið í máldaga frá Jóni biskupi Vilhjálmsyni árið 1432. Þar er sagt að Víðivallakirkjuprestur þjóni á 4 bæjum, Miðsitju, Hellu, Sólheimum og Úlfsstöðum.<sup>166</sup> Hvergi annars staðar er vísað til prestsþjónustu á Hellu en þessi orð má túlka sem ávísun á bænhús.
60. **Víðivellir** í Blönduhlíð. Kirkjumáldagi frá 1318 getur þar um kirkju, með prestskyldu og djákna, og var ljós- og heytollur tekinn af 4 bæjum.<sup>167</sup> Í alkirkjutali 1461 voru þar bæði prestur og djákni.<sup>168</sup> Víðivallakirkja var sóknarkirkja og prestsetur fram á 16. öld<sup>169</sup> þegar Guðbrandur biskup breytti stöðu hennar árið 1590 úr alkirkju í hálfkirkju því tíundir hennar nægðu ekki til upphalds prests.<sup>170</sup> Kirkjan hélt stöðu sinni sem sóknarkirkja en var þjónað frá Miklabæ eftir það. Víðivallakirkja var lögð niður 1765.<sup>171</sup> Örnefnið Kirkjuhóll er um 70 m sunnan við núverandi heimagrafreit.<sup>172</sup>
61. **Þorleifsstaðir** í Blönduhlíð. Í bréfi frá árinu 1431 er þess getið að Þorsteinn Ólafsson lögmaður hafi fengið leyfi fyrir hálfkirkju þar.<sup>173</sup> Í gilvanga norðan við bæjarlækinn, fast sunnan við gamla bæjarstæðið, komu upp mannabein á 20. öld.<sup>174</sup>

---

<sup>163</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* XII (1923), bls. 37.

<sup>164</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 170.

<sup>165</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 565.

<sup>166</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* XII (1923), bls. 37.

<sup>167</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 461; IV (1896), bls. 511.

<sup>168</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.

<sup>169</sup> *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 281, 318.

<sup>170</sup> *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 439.

<sup>171</sup> *Lövsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772), bls. 526.

<sup>172</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 329.

<sup>173</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IV (1897), bls. 454-455.

<sup>174</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 281.



- 62. Stóru-Akrar** í Blönduhlíð. Árið 1318 þjónaði Vallaprestur Akrakirkju sem sögð var alkirkja 1394. Þá þjónaði Miklabæjarprestur kirkjunni og átti að syngja messu „huorn dag helgan“.<sup>175</sup> Sama skipan var á málum 1461<sup>176</sup> en 1432 er tekið fram að kirkjan sé hálfkirkja.<sup>177</sup> Árið 1713 var hún enn hálfkirkja<sup>178</sup> og var hún lögð niður með konungsbréfi 1765.<sup>179</sup> Örnefnið Bænhúsvöllur er þar sem kirkjan stóð og mannabein hafa komið úr jörðu við framkvæmdir í tvígang á 20. öld.
- 63. Litlidalur** var fyrrum nefnt Cesseliudalur/Sesseljudalur. Ólafur Lárusson taldi víst að nafnið hefði verið tengt bænhúsi sem hefði verið helgað heilagri Cessiliu.<sup>180</sup> Í máldaga Miklabæjarkirkju frá 1394 er prestur sagður þjóna kirkju í Dal.<sup>181</sup> Hið sama kemur fram 1405 þar sem segir að prestur þjóni bænhúsi í Dal.<sup>182</sup> Erfitt er að átta sig á hvort um er að ræða Litlidal eða Djúpadal þótt hinn síðarnefndi sé líklegri. Litli-Dalur er hér látinn njóta vafans þótt Djúpidalur sé nefndur út frá sömu heimildum.
- 64. Á Syðstu-Grund** (Róðugrund) í Blönduhlíð er nefnt bænhús 1713<sup>183</sup> og stóð húsið en tíðir höfðu ekki verið veittar í manna minnum. Mögulega hefur kirkja staðið „á totu sem gengur í hálfhring fram á grundina útvestur frá bæjarhláði“.<sup>184</sup> Þar var reistur róðukross til minningar um Brand Kolbeinsson, höfðingja Ásbirninga, sem felldur var í Haugsnesbardaga 1246 og jörðin tók nafn af krossinum.<sup>185</sup>

<sup>175</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 466; III (1896), bls. 565; IV, 1897, bls. 323.

<sup>176</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 359.

<sup>177</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IV (1896), bls. 511.

<sup>178</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 179.

<sup>179</sup> *Lovsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772), bls. 526.

<sup>180</sup> Ólafur Lárusson (1940), bls. 165.

<sup>181</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 565.

<sup>182</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* XII (1923), bls. 37.

<sup>183</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 183.

<sup>184</sup> *Bygðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 192.

<sup>185</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* IX (1909-1913), bls. 374.

## *Flugumýrarsókn*

65. **Flugumýri** í Blönduhlíð telst vera landnámsjörð Þóris dúfunefs. Kirkju er fyrst getið þar 1253.<sup>186</sup> Hún er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318<sup>187</sup> og sögð alkirkja og prestsetur 1461<sup>188</sup> og 1569.<sup>189</sup> Núverandi kirkja er byggð 1930.
66. Í Jarðabók 1713 er sagt að hálfkirkja sé í **Djúpadal** í Blönduhlíð og tíðir veittar þá er heimafólk fór til altaris.<sup>190</sup> Kirkjan hefur verið lögð niður einhver tíma fyrir 1740 því heimiliskirkja í Djúpadal sótti þá kirkju að Flugumýri.<sup>191</sup> Í máldögum Miklabæjarkirkju frá 1394 og 1405 er talað um að Miklabæjarprestur þjóni bænhúsi í Dal<sup>192</sup> sem sennilega er Djúpadalur fremur en Litlidalur. Talið er líklegt að hún hafi staðið þar sem smiðjan var.<sup>193</sup>
67. **Mið-Grund** (Kirkjugrund/Hauksgrund) í Blönduhlíð. Hér var bænhús til forna og sást enn til tófta og kirkjugarðs á 18. öld, segir í Jarðabók 1713.<sup>194</sup> Mannabein komu úr jörðu þar árið 1956.<sup>195</sup> Sumarið 2009 var grafinn könnunarskurður í kirkjugarðinn og staðfest að þar er grafreitir frá 11. öld og var komið niður á 9 grafir.<sup>196</sup>
68. **Hjaltastaðir** í Blönduhlíð. Bænhús var hér að fornu, fallið 1713, segir í Jarðabók.<sup>197</sup> Þegar grafið var fyrir undirstöðu íbúðarhúss sem steypt var upp 1909 var komið niður á gamlar grjóthleðslur sem geymdu hausnúpu af manneskju.<sup>198</sup> Engin

---

<sup>186</sup> *Sturlunga saga* II (1946), bls. 482.

<sup>187</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* II (1893), bls. 487.

<sup>188</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.

<sup>189</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279.

<sup>190</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 183.

<sup>191</sup> *Saga Mera Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks)* (1912), bls. 12. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófesta á Íslandi*, bls. 250 (neðanmáls, talar um bænhús í Dal).

<sup>192</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* III (1896), bls. 565; XII (1923), bls. 37.

<sup>193</sup> *Bygðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 206.

<sup>194</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 188.

<sup>195</sup> *Bygðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 177.

<sup>196</sup> Guðný Zoëga (2009). *Skagfirská kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*, bls. 25-29.

<sup>197</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 191.

<sup>198</sup> *Bygðasaga Skagafjarðar* IV (2007), bls. 129.

veit hvar aðrar líkamsleifar þeirrar manneskju lágu, í fornum grafreit, heiðnum eða kristnum.

69. **Hjaltastaðahvammur** í Blönduhlíð. Ýmis rök hníga að því að þar hafi bústaður Gunnólfs verið, sem sagður er hafa numið Út-Blönduhlíð. Vorið 1955 fundust mannabein tveggja einstaklinga þegar tekinn var húsgrunnur. Báðir voru lagðir til á kristilegan hátt. Karlmaðurinn var kistulaus en konan í kistu. Virðist sem skriða hafi fallið yfir grafreitinn og sett kirkjuhúsið á hliðina.<sup>199</sup> Engar heimildir eru um kirkju í Hvammi.
70. **Þverá** í Blönduhlíð. Í Sturlungu er getið manns sem hljóp til Þveráarkirkju 1253.<sup>200</sup> Hún er alkirkja í máldaga 1318 og sagt að 5 bænhús liggi undir hana. Prestskylda var og ljós- og heyttollur tekinn af 13 bæjum<sup>201</sup> sem sýnir að Þveráarkirkjusókn hefur verið vel stæð. Í alkirkjutalinu 1461 var þar enn prestskylda<sup>202</sup> og svo hefur verið fram á miðja 16. öld því um síðabreytingu lágu enn 5 bænhús undir Þveráarkirkju. Engar vísbendingar eru gefnar um hvar þau voru, fremur en áður. Þveráarkirkja var fallin 1713 en merki voru um kirkjugarðinn og kirkjutóft sást, segir í Jarðabók.<sup>203</sup> Á 20. öld braut áin af bakkanum sunnan við gamla bæjarstæðið og komu þar oft í ljós mannabein.

### **Rípursókn**

71. Kirkju er fyrst getið á **Ríp** í Hegranesi í máldaga frá 1318.<sup>204</sup> Þar var prestskylda annað hvort misseri og tekinn ljóstollur og legkaup sem lagðist til þeirrar kirkju sem grafið var á, ýmist á Ríp eða í Ási. Ríp er í alkirkjutali 1461 og þá var prestskylda þar.<sup>205</sup> Á milli 1528 og 1534 voru Ásgrímsstaðir færðir úr

---

<sup>199</sup> Björn Sigfússon (1957). „Skriðan varð grafreitur“ (256-263), *Saga. Tímarit Sögufélags*, XXIV, bls. 257-262.

<sup>200</sup> Sturlunga saga I (1946), bls. 486.

<sup>201</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* II (1893), bls. 460-461. Af og til er þess getið að konur saumi skruða fyrir kirkjurnar og það kemur einmitt fram um messufötin á Þverá árið 1318, sem sögð voru eftir Þorleifu móður Oddnýjar.

<sup>202</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.

<sup>203</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 191.

<sup>204</sup> DI *Íslenskt fornbréfasafn* III (1896), bls. 467.

<sup>205</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.

Sjávarborgarsókn í Rípursókn<sup>206</sup> og hefur það vafalaust gilt um fleiri Hegranesbæi. Kirkjan var í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569<sup>207</sup> og enn prestsetur. Hélt það fram á 19. öld. Núverandi kirkja á Ríp er reist 1924.

72. **Helluland** í Hegranesi er í máldaga frá 1394 um Sjávarborg og tekið fram að Sjávarborgarprestur taki hálfu mörk fyrir þjónustu þar.<sup>208</sup> Sex árum fyrr var Helluland selt og tekið fram að þar væri bænhús, þar sem ætti að syngja 12 messur yfir sumartímamann.<sup>209</sup> Þegar Björn ríki Brynjólfsson seldi Helluland og Ferjuhamar í Hegranesi árið 1388 var bænhússkylda á Hellulandi og ætlaði Björn að leggja bænhúsinu til 100 í viði.<sup>210</sup> Þar er enn örnefnið Bænhúshólar skammt frá byggingum.<sup>211</sup>
73. **Utanverðunes** í Hegranesi er í máldaga frá 1394 um Sjávarborgarkirkju. Segir að Borgarprestur taki hálfu mörk í gjald fyrir þjónustu þar, sennilega vegna bænhúss.<sup>212</sup> Heimamenn segja að þar hafi komið mannabein úr jörðu við framkvæmdir á 20. öld.
74. Kirkja var á **Ferjuhamri** í Hegranesi til forna. „Ferjuhamar er sagður hafa verið landnámsjörð og skipum lagt fram í Vötnin undir hamrinum. Kirkja hefir þar staðið og mörg hús, sem enn sér glögg merki til“<sup>213</sup>, sagði séra Jón Reykjálín á 19. öld. Þústir eru greinilegar þar sem kirkjugarðurinn er talinn vera á svæði sem er 17,5x23 m að stærð og fremur kantað en hringlaga. Ferjuhamar er í landi Kárastaða. Heimamenn banna alla óþarfa umferð og jarðrask á staðnum, vegna þeirra jarðsettu.

---

<sup>206</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* IX (1909-1913), bls. 374, 698.

<sup>207</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279.

<sup>208</sup> Sama heimild.

<sup>209</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 425. „Reiknadi biorn bænhvs skyld vpp aa jordina“ (DI III (1896), bls. 360).

<sup>210</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn*, III (1269-1415) (1896), bls. 425.

<sup>211</sup> *Örnefnaskrá Jóns Normanns*, Helluland, án bls.tals.

<sup>212</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* III (1896), bls. 430.

<sup>213</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar* (1954), bls. 118. Ferjuhamars er ekki getið í Landnámu.

75. Á **Ásgrímsstöðum** í Hegranesi bjó Guðmundur guðipjakkur árið 1238.<sup>214</sup> Til forna „áttu Ásgrímsstaðir land allt vestan Héraðsvatna upp til Miklavatns sunnan frá Ferjuhamarsteig og norður að svonefndri Vík“.<sup>215</sup> Frá þessu greindu forn skjöl sem Pétur prófastur Pétursson á Víðivöllum átti og síðar séra Sigurður Arnþórssonar á Mælifelli. Þau eru nú glötuð. Í þessum skjölum var sagt að kirkja hefði verið á Ásgrímsstöðum í nokkur ár, eftir að hún lagðist niður að Ferjuhamri. Byggðasöguritarar tala um að munnmæli hefðu verið um kirkjuna.<sup>216</sup> Ásgrímsstaðir virðast hafa flust milli sókna á árabílinu 1528 og 1534, frá Sjávarborgarsókn yfir í Rípursókn.<sup>217</sup>
76. Árið 2003 fundust mannabein í jörðu í **Keldudal** í Hegranesi undir öskulagi frá Heklu 1104. Rannsókn leiddi í ljós kirkjugarð með á sjötta tug einstaklinga.<sup>218</sup> Engar ritheimildir eru um kirkju í Keldudal en ljóst að þar hefur verið heimiliskirkja með grafreit á 11. og 12. öld þar sem liggja a.m.k. þrjár kynslóðir.
77. **Ás** í Hegranesi er í alkirkjutali 1461 með prestskyldu.<sup>219</sup> Stóð húsið uppi með girðingum samkvæmt Jarðabók 1713 en tíðir ekki veittar í manna minni en síðast var grafið í garðinn 1823.<sup>220</sup> Merki kirkjugarðsleifa sáust enn norðvestan við gamla torfbæinn 1974 og 1938 þegar þar stóðu skemmur sást þar votta fyrir hringlaga garðleif.<sup>221</sup>
78. Við hinn forna Hegranesþingstað að **Garði** hefur verið staðfestur kirkjugarður frá 11. öld og fram á þá 13.<sup>222</sup> Sumarið 2009

<sup>214</sup> *Sturlunga saga I* (1946), bls. 441. Í jarðakaupabréfi frá 1388 þar sem skipt er á Hellulandi og Ásgrímsstöðum fyrir Skíðastaði á Laxárdal ytri er talað um bænhús. Líkur eru á að það hafi verið Hellulandsbænhús fremur en á Ásgrímsstöðum (DI. *Íslenzket fornbréfasafn III* (1896), bls. 360).

<sup>215</sup> *Örnefnaskrá Jóns Normanns*, Helluland, án. bls.tals.

<sup>216</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar V* (2010), bls. 158.

<sup>217</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn IX* (1909-1913), bls. 374, 698.

<sup>218</sup> Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín (2003), *Kirkjugarður í Keldudal í Hegranesi*. Skrá 18. Mannabein birtust þegar tekinn var grunnur fyrir hús við gamla bæjarhólinn. Um 500 m norðar fannst kumlateigur.

<sup>219</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn V* (1898), bls. 360.

<sup>220</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 64. *Byggðasaga Skagafjarðar V* (2010), bls. 52.

<sup>221</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar V* (2010), bls. 52.

<sup>222</sup> Guðný Zoëga (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla*, bls. 4-12.

fundust fjórar grafir, þrjár fullorðinna einstaklinga og eins ungbarns. Þær hafa allar verið teknar um, eða rétt eftir, að Heklugjóskan frá 1104 féll. Í tveimur grafanna hvíldu konur. Hugsanlega er kirkjugarðurinn kynjaskiptur á sama hátt og Keldudalskirkjugarður. Kirkja í Garði er hvergi í ritheimildum.

79. **Keflavíkur** í Hegranesi er getið í máldaga frá 1394 vegna bænhúss sem Sjávarborgarprestur þjónaði þar.<sup>223</sup> Sumarið 2008 fór fram fornleifakönnun í Keflavík þar sem elsta bæjarstæðið var staðfest. Merki fundust „um býli sem virðist aflagt á 11. öld e.t.v. þegar á 10. öld og er þar vísast um að ræða merki fyrstu byggðar á jörðinni. Engin merki kirkju eða kirkjugarðs fundust hinsvegar“<sup>224</sup> í þessari könnun.

### *Hofstaða-, Hóla- og Viðvíkursóknir*

80. **Hofstaðakirkja** í Viðvíkursveit er nefnd í alkirkjutali árið 1461. Kirkjan var í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569 og er enn sóknarkirkja. Á seinni hluta 18. aldar var Hofstaðakirkja annexía frá Flugumýri.<sup>225</sup> Núverandi kirkjubygging er timburhús reist 1905 og friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalaga.
81. **Bakki** í Viðvíkursveit. „Hér ætla menn að bænhús hafi verið“<sup>226</sup>, segir í Jarðabók 1714.
82. **Kolkuós (Kolbeinsárós)** í Viðvíkursveit. Jón Arason er sagður hafa komið frá Noregi „með viði til Hóla kirkju og kom það skip í Kolbeins ós og var öll kirkjan gjörð af tré“<sup>227</sup> á dögum Gottskálks biskups Kænekssonar. Haft er eftir Magnúsi Björnssyni, Jónssonar, Arasonar, sem var 9 ára þegar faðir hans og afi voru líflátnir, að kirkja úr viðum þessum hafi verið reist

---

<sup>223</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* III (1896). Bls. 430. Sjávarborgarprestur tók hálfá mörk í Keflavík.

<sup>224</sup> BSk. Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson (2008). *Skagfirska kirkjurannsóknin*, bls. 26.

<sup>225</sup> Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

<sup>226</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 205.

<sup>227</sup> *Biskupa sögur*, Annað bindi (1878), bls. 326-327. Heimildin er í alla staði óljós. Gottskálf Kæneksson byggði enga kirkju á Hólum, en hann kann að hafa gert við dómkirkjuna á staðnum með þessum viðum.

við ósinn, með sama byggingarlagi og timburstofan á Hólum. Talað er um Ós í eignarskrá Hólastóls frá 1550 og hugsanlegt að þar sé átt við Kolkuós. Sagt er að dómkirkjan eigi refsilaum- að altariklæði „vit Os“ og að þar séu tvær stórar nýjar klukkur og ein lítill, stokkur og kista, messuklæði, hökull og fleira.<sup>228</sup>

- 83. Viðvík** í Viðvíkursveit er sögð vera landnámsjörð Öndóttis. Sveinn Víkingur taldi að Viðvíkurbændur hefðu verið kristnir á 10. öld og því hafi snemma risið kirkja þar.<sup>229</sup> Á fyrri hluta 11. aldar bjó Þorbjörn öngull Þórðarson að sögn í Viðvík. Hann var bróðir Hjalta á Hofi og barnabarn Hjalta landnámsmanns.<sup>230</sup> Kirkja var í Viðvík árið 1189 er Guðmundur Arason (1161-1237) þjónaði þar.<sup>231</sup> Árið 1255 ætlaði Heinrekur biskup að banna athafnir í þar<sup>232</sup> og þurfti fortölur til að fá hann til að „lúka upp kirkju í Viðvík og syngja þar tíðir“.<sup>233</sup> Sóknarbærir voru 13 á 14. öld<sup>234</sup> og prestskylda var þar 1461.<sup>235</sup> Á seinni hluta 18. aldar var Viðvíkurkirkja orðin annexía frá Ríp.<sup>236</sup> Núverandi kirkja er byggð árið 1886 og er friðuð samkvæmt aldursákvæðum þjóðminjalögum 106/2001. Innan núverandi kirkjugarðs má greina hringlaga form gamla kirkjugarðsins.<sup>237</sup>
- 84. Á Kálfsstöðum** í Hjaltadal stóð hús kallað bænhús 1709.<sup>238</sup> Í sögu Þorgilsar skarða er talað um kirkju á Kálfsstöðum 1255, hjá Skeggja messudjákna á Hólum.<sup>239</sup> Árið 1942 var „hringmyndaður hóll sem nefndur er Bænhúshóll“<sup>240</sup> um 20 m frá

---

<sup>228</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* XI (1918), bls. 852, 854.

<sup>229</sup> Sveinn Víkingur (1970). *Getið í eyður sögunnar*, bls. 73.

<sup>230</sup> *Íslendingasögur og þættir* I-III (1987), bls. 1062.

<sup>231</sup> *Jarða- og býndatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953*, 3. hefti, 83. Ambrósíus biskup var átrúnaðargoð Guðmundur biskup Arasonar og hann gæti hafa gert Ambrósíus að dýrlingi Viðvíkurkirkju, við vígslu nýs kirkjuhúss. Sjá Margret Cormack (1994). *The Saints in Iceland*, bls. 22, 77-78.

<sup>232</sup> *Sturlunga saga* II (1946), bls. 197.

<sup>233</sup> *Sturlunga saga* II (1946) bls. 206.

<sup>234</sup> Árni Daniel Júlíusson (1995). *Bonder í Pestens tíð*. ..., bls. 513.

<sup>235</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.

<sup>236</sup> Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

<sup>237</sup> Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn*. ... (2009), bls. 61.

<sup>238</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 213. Sveinn Niélsson (1950). *Prestatal og prófasti á Íslandi*, bls. 254 (neðanmáls, nefnir kirkju á Kálfsstöðum).

<sup>239</sup> *Sturlunga saga* II (1946), bls. 203.

<sup>240</sup> HSk. 1304, 4to: Um fornar rústir kirkna og bænhúsa eftir Árna Sveinsson.

bæjardyrum þar. Tóftarrústir sáust enn. Samkvæmt dagbók Hjalta Pálssonar frá 4. september 1977 lét Kálfsstaðabóndi skafa Bænhúshólinn burtu um það leyti.<sup>241</sup>

85. **Hof** í Hjaltadal var að sögn landnámsjörð Hjalta Þórðarsonar.<sup>242</sup> Þar bjó afabarn hans og alnafni á 11. öld<sup>243</sup>, einn af helstu höfðingjum Skagafjarðar, sem hefur sennilega haldið kirkju því mannabein komu þar úr jörðu árið 1955 og 1981 þegar fannst kristinn grafreitir sem reyndist vera frá því fyrir 1300, nokkrum metrum vestan bæjardyra á gamla Hofsbænum sem stóð til 1955. Alls fundust leifar 12 einstaklinga sem sumir höfðu verið lagðir í kistur.<sup>244</sup> Um 100 m austan við grafreitinn er Hjaltahaugur, þar sem sagan segir að Hjalti Þórðarson landnámsmaður sé heygður.<sup>245</sup> Haugurinn er um 17 m í þvermál, með garði umhverfis. Laut í miðju hans er talin vera frá því er Guðbrandur Vigfússon gróf í hauginn á 19. öld.
86. Kirkja að **Hólum** í Hjaltadal er sögð reist af Oxa Hjaltasyni um 1050<sup>246</sup> og var jörðin í bændaeign til 1106 er hún var gefin undir biskupsstólinn.<sup>247</sup> Eftir 1106 risu þar dómkirkjur: Sú fyrsta 1106, önnur 1266, þriðja 1395, fjórða á bilinu 1625 til 1627 og fimmta sú sem enn stendur, reist 1757 til 1763. Talið er að 23 bæir hafi verið í Hólasókn á 14. öld.<sup>248</sup> Kirkjunni þjónuðu 4 prestar og 4 djáknar árið 1461.<sup>249</sup>

---

<sup>241</sup> Hjalti Pálsson. Minnisblað um kirkju á Kálfsstöðum.

<sup>242</sup> *Íslenskt fornrit*, 1. bindi. Íslendingabók, Landnámabók, síðari hluti (1968), bls. 238.

<sup>243</sup> *Íslendingasögur og þættir* II (1987), bls. 1062.

<sup>244</sup> Guðmundur Ólafsson (1984), „Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal“ (117-133). *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1983*, bls. 117, 123, 127.

<sup>245</sup> Hjalti Þórðarson barnabarn Hjalta landnámsmanns og höfðingi á 11. öld gæti hafa reist kirkju og fengið vígðan grafreit. Hugsanlegt er einnig að fjölskyldugrafreitirinn hafi flust til á jörðinni.

<sup>246</sup> *Kristni saga* (1858), bls. 7.

<sup>247</sup> Magnús Stefánsson (2005). „De islandske stadenes egen hart og eldste historie“, bls. 123. Kirkjan er talin hafa í upphafi verið tileinkuð Jóhannesi skírara og Jóhannesi postula áður (Sveinn Nielsson (1950). *Prestatal og prófusta á Íslandi*, bls. 254).

<sup>248</sup> Árni Daniél Júlíusson (1995). *Bonder i Pestens tid. Landbrug, godskeft og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*, bls. 513.

<sup>249</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.



87. **Neðri-Ási** í Hjaltadal. Þorvarður Spak-Böðvarsson var sagður hafa reist þar kirkju árið 984<sup>250</sup> og haldið prest.<sup>251</sup> Fornleifa-uppgróftur 1998 leiddi í ljós leifar kirkju og óreglulegs spor-öskjulaga kirkjugarðs sem grafið var í á 11. öld, en hætt upp úr aldamótum 1100. Engin merki sáust um eldri byggingar. Bænhús virðist hafa lagst af á 16. öld.<sup>252</sup> Kirkju er ekki getið í Neðra-Ási í máldögum Hólabiskupa. Jarðabók 1709 getur um bænhús eða kirkju í gamla daga.<sup>253</sup> Lengi var eitt fjárhúsanna á bænum kallað bænhús (nú horfið).
88. Á **Bjarnastöðum** í Kolbeinsdal var staðfestur 11. aldar kirkjugarður sumarið 2010. Þegar kannað var hringlaga garðform skammt neðan við gamla bæjarhólinn var komið niður á grafir með mannabeinum í, undir öskulagi frá Heklugosinu 1104. Kirkjugarðsveggurinn virtist hafa verið byggður eftir 1104 því í torfinu voru slitur af sömu ösku. Engar aðrar heimildir eru um kirkju þar.<sup>254</sup>
89. **Sleitustaðir** var að sögn landnámjörð Sleitu-Bjarnar.<sup>255</sup> Þar er talað um bænhús í Jarðabók 1709 og sagt að merki þess séu „garðslikindi, sem kirkjugarður hefði mátt vera í kring um hús það, sem nú er smiðja“.<sup>256</sup> Kirkjugarðurinn mun hafa verið suðvestan við gamla torfbæinn. Þegar grafið var fyrir íbúðarhúsinu Sigtúni 1938 urðu menn varir við mannabein og einnig þegar fjóshlaðan var byggð um 1946. Sást fyrir garðlagi og lítlum hól á þessu svæði, að sögn ábúenda. Trjágarður sunnan Sigtúns er í gamla kirkjugarðinum.<sup>257</sup>
90. **Miklibær** í Óslandshlíð. Sögn er um að Arnór kerlingarnef á Miklabæ hafi tekið trú fyrir orð Þorvarðar í Ási, nokkru fyrir

<sup>250</sup> *Kristni saga* (1858), bls. 5, 6-7. Óláfs saga Tryggvasonar en mesta (1), bls. 291-291.

<sup>251</sup> *Flateyjarbók* I (1944), bls. 484-485.

<sup>252</sup> Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal 1998*, bls. 26, 28-29, 36. Engin merki voru um að gröf hafi verið tekin í kirkjugarðinum eftir 1104.

<sup>253</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 221.

<sup>254</sup> BSk. Ársskýrsla Bygðasafns Skagfirðinga (2011), án. blaðsíðutals.

<sup>255</sup> *Íslenzk fornrit*, 1. bindi. Íslendingabók, Landnámabók, síðari hluti (1968), bls. 237.

<sup>256</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 226-227.

<sup>257</sup> Hjalti Pálsson (2011). Minnisblað um bænhús á Sleitustöðum.

kristnitökuna. Þess er hvergi getið að hann hafi byggt kirkju.<sup>258</sup> Um guðshús á Miklabæ er fyrst talað þegar Guðmundur góði Arason var prestur þar á bilinu 1187 til 1189.<sup>259</sup> Kirkjan er alkirkja í Auðunarmáldaga frá 1318<sup>260</sup> með prestskyldu og var ljós- og heytollur tekinn af 9-11 bæjum. Á seinni hluta 18. aldar var Miklabæjarkirkja annexía frá Hofi.<sup>261</sup> Árið 1891 var hún lögð niður og sóknin sameinuð Viðvíkursókn.

91. Kirkja var að **Marbæli** í Óslandshlíð 1189 og átti hún „brottsöng“<sup>262</sup> frá Miklabæ, þar sem Guðmundur Arason var þingaprestur. Hvorki er minnst á kirkju né bænhús að Marbæli í jarðakaupabréfi frá 1393.<sup>263</sup>
92. **Ósland** í Óslandshlíð. Þar stóð hálfkirkja að fornu, segir í Jarðabók 1709 og tíðir veittar í kirkjuhúsinu þar til fyrir um 20 árum.<sup>264</sup> Kirkjan mun hafa staðið skammt frá gamla bænum og minntust heimamenn þess að hafa séð hringlaga garðlag með rúst um og fyrir miðja 20. öld.<sup>265</sup>

### **Hofs- og Hofsóssóknir**

93. **Hof** á Höfðaströnd. Minnst er á kirkju að Hofi árið 1186 er Guðmundur Arason, síðar biskup á Hólum (1203-1237), var þingaprestur þar og tók þangað „prestlinga, og var það athöfn hans hversdagslega tíða í millum að kenna og rita“.<sup>266</sup> Árið 1318 var þar prestsskylda og ljós- og heytollur tekinn af 28 bæjum.<sup>267</sup> Hofskirkja er í alkirkjutali 1461 með prestskyldu.<sup>268</sup> Nú-

---

<sup>258</sup> *Flateyjarbók* I (1944), bls. 488.

<sup>259</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 136.

<sup>260</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 460.

<sup>261</sup> Ólafur Olavíus (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

<sup>262</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 138.

<sup>263</sup> Sveinn Níelsson 1(950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 250 (neðanmáls). Hann telur Marbæliskirkju með bænhúsum frá Miklabæ í Blönduhlíð, sem er misskilningur, hún heyrði undir Miklabæjarkirkju í Óslandshlíð.

<sup>264</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 233. Sveinn Níelsson (1950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 258 (neðanmáls, og telur hana aftekna seint á 17. öld).

<sup>265</sup> Minnispunktur frá viðtali Hjalta Pálssonar við Margréti Kristjánsdóttur 14.6.2002 um Ósland í Óslandshlíð.

<sup>266</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls.134. Hann kenndi ungum prestefnum að lesa og skrifa. *Grágás* (2001), bls. 8. Neðanmáls segir að þing hafi verið prestakall.

<sup>267</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 460.

verandi Hofskirkja er timburhús, reist 1868-1870, og því friðuð samkvæmt aldursákvæðum Þjóðminjalaga.

94. **Brúarland** í Deildardal. Munnmæli eru um bænhús til forna, segir í Jarðabók 1709.<sup>269</sup>
95. **Gröf** á Höfðaströnd. Í Sigurðarregistri frá 1525 er talað um bænhús með kirkjugarði. Árið 1584 var enn talað um bænhús, en hálfkirkju 1687-1715, og bænhús aftur til 1765 er það var lagt niður.<sup>270</sup> Vitnisburður Jarðabókarinnar frá 1709 er að bænhús hefði verið til forna en tíðir ekki veittar í manna minni fyrr en Þorlákur biskup eignaðist jörðina.<sup>271</sup> Húsið var notað sem skemma til 1939. Þá hófst endurbygging þess, sem lauk 1953. Kirkjan er í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Grafarkirkjugarður er hringlaga og byggður upp á sama stað og með sama formi og garðabrot sýndu.
96. „Bænhús var fyrrum á **Grindum**“<sup>272</sup> sagði Sveinn Níelsson en tilnefndi ekki heimildina.
97. Að **Enni** á Höfðaströnd stóð enn hús sem kallað var bænhús 1709, segir Jarðabók.<sup>273</sup>
98. **Mannskaðahóll** á Höfðaströnd. Jarðabók 1709 getur um að bænhús hafi verið þar en fallið fyrir manna minni.
99. **Prastarstaðir** á Höfðaströnd. Jarðabók 1709 segir að þar hafi verið hálfkirkja að fornu og heiti enn Kirkjutóft.<sup>274</sup>
100. **Hofsós** á Höfðaströnd. Kirkja var byggð og vígð 1960.

---

<sup>268</sup> DI. *Íslenskt fornbréjasafn* V (1898), bls. 360.

<sup>269</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 242.

<sup>270</sup> *Lövsamling for Island*, 3. bindi (1749-1772), bls. 526.

<sup>271</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 237.

<sup>272</sup> Sveinn Níelsson 1(950). *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 258 (neðanmáls).

<sup>273</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 245.

<sup>274</sup> *Jarðabók* (1930), bls. 256.

## *Fellsókn*

**101. Fellskirkja** í Sléttuhlíð er í máldaga frá 1318<sup>275</sup> en leiða má líkur að því að þar hafi verið kirkja 1188 þegar Björn prestur Ólafsson „bjó undir Felli“.<sup>276</sup> Fell er í alkirkjutali 1461 með prestskyldu og tekinn ljós- og heytollur af 18 bæjum.<sup>277</sup> Prestsetur var á Felli árið 1569<sup>278</sup> og sú tilhögun hélst til 1891 en kirkjan er enn sóknarkirkja. Núverandi kirkja sem er reist 1881 er friðuð samkvæmt þjóðminjalögum 106/2001.

**102. Höfði** á Höfðaströnd telst vera landnámsjörð Höfða-Þórðar Bjarnarsonar. Þorgerður kona hans var að sögn barnabarn Kjarvals Írakonungs og gæti því hafa verið kristin. Höfðakirkja er í máldaga frá 1318<sup>279</sup> og 1461<sup>280</sup> með prest sem þjónaði tveimur bænhúsum. Höfðakirkja er í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569 og sögð „bóndagarður“.<sup>281</sup> Á seinni hluta 18. aldar var Höfðakirkja annexía frá Felli.<sup>282</sup> Hún var lögð niður 1891. Steyptur ferhyrndur heimagrafreitur er innan hringlaga kirkjugarðs.<sup>283</sup>

**103. Málmei** var kirkjustaður árið 1318. Þar skal „brenna ljós í kirkju hverja nótt, frá krossmessu á hausti til krossmessu á vori“.<sup>284</sup> Málmeijarkirkja var kölluð bænhús í Jarðabókinni 1709 en fólk var veitt sakramenti þar. Málmeijarbúar áttu þá kirkjusókn til Höfða.<sup>285</sup> Sást enn hringlaga garður þar sem kirkjan stóð 1839.<sup>286</sup>

**104. Á Hrauni** í Sléttuhlíð var fallið bænhús 1461.<sup>287</sup>

---

<sup>275</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 459.

<sup>276</sup> *Sturlunga saga* I (1946), bls. 133, 171.

<sup>277</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 251, 359.

<sup>278</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 276.

<sup>279</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 460, 459.

<sup>280</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 360.

<sup>281</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 279, 318.

<sup>282</sup> Ólafur Olavius (1964), *Ferðabók* I, bls. 302.

<sup>283</sup> Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir týnast, gleymast nöfn. ...* (2009), bls. 68.

<sup>284</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 459. Ljósið var fyrir sjófarendur.

<sup>285</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 264.

<sup>286</sup> *Sýslu- og sóknahýsingar* II (1954), bls. 156.

<sup>287</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

105. Á **Heiði** í Sléttuhlíð var fallið bænhús 1461.<sup>288</sup>
106. **Arnarstaðir** í Sléttuhlíð. Hér var fallið bænhús 1461.<sup>289</sup> Merki um bænhúsið sáust enn 1709.<sup>290</sup>
107. Á **Bræðrá** í Sléttuhlíð var fallið bænhús 1461.<sup>291</sup> Merki þess sáust enn 1709, segir í Jarðabók.<sup>292</sup>
108. Á **Tjörnum** í Sléttuhlíð var „rotið“ bænhús 1461.<sup>293</sup>
109. Á **Skálá** í Sléttuhlíð var hálfkirkja 1461.<sup>294</sup> Bænhús stóð þar 1709 en tíðir höfðu ekki verið veittar í manna minni, segir í Jarðabók.<sup>295</sup> Árið 1839 sást enn móta fyrir kirkjugarðinum.<sup>296</sup>

### ***Barðs- og Knappsstaðasóknir***

110. **Barð** í Fljótum. Sagan um Ásgrím prest sem drepinn var við Barðslaug árið 1252 og hefur sennilega þjónað Barðskirkju gæti verið elsta heimild um kirkjuna.<sup>297</sup> Hún er í máldaganum frá 1318<sup>298</sup> og tók prestur hálfra mörk af 4 bæjum auk lýsis- og heytolla af 24.<sup>299</sup> Barðskirkja er í alkirkjutali 1461 og þá var skylt að hafa þar prest<sup>300</sup> og djákna. Prestsetur var hér 1569.<sup>301</sup> Núverandi Barðskirkja er úmburhús, reist 1889, og er friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga 106/2001.

---

<sup>288</sup> Sama heimild.

<sup>289</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>290</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 272.

<sup>291</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>292</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 268.

<sup>293</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355. Húsið mjög fúuð.

<sup>294</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>295</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 273.

<sup>296</sup> *Sýslu- og sóknahýsingar* II (1954), bls. 156.

<sup>297</sup> Brynleifur Tóbiasson (1943). *Heim að Hólum*, bls. 119.

<sup>298</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 458-459.

<sup>299</sup> Árni Daniél Júlíusson (1995). *Bonder i Pestens tíð* ..., bls. 513.

<sup>300</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 254, 359.

<sup>301</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 276.

- 111. Stóru-Reykir** í Flókadal. Hálfkirkja var þar 1461.<sup>302</sup> Jarðabókin 1709 segir bænhús hafa verið þar til forna „en fallið fyrir manna minni“.<sup>303</sup>
- 112. Ysti-Mór** í Flókadal telst hafa verið landnámsjörð Flóka Vilgerðarsonar (Hrafna-Flóka). Þar var „lítt standanda“ bænhús 1461.<sup>304</sup> Í Jarðabókinni 1709 segir að þar hafi bænhús verið af fornu og að enn sjáist til kirkjugarðsleifa.<sup>305</sup> Árið 1940 var afgirtur reitur þar sem bænhúsið hafði staðið og örnefni minnti á það. Garðurinn sést enn greinilega og sumarið 2010 þegar grafið var í hann sást að hann hafði verið notaður á 11. öld og stækkaður snemma á þeirri 12. en hætt að nota hann stuttu seinna.<sup>306</sup> Bænhúsgarður heitir þar sem bænhúsið var.<sup>307</sup>
- 113. Á Nesi** í Flókadal var hálfkirkja 1461.<sup>308</sup> Tóftarleifar sáust enn 1709<sup>309</sup> og í sóknarlýsingu frá 1841 má skilja að svo hafi enn verið.<sup>310</sup>
- 114. Á Sjöundastöðum** í Flókadal var bænhús 1461.<sup>311</sup>
- 115. Reykjarhóll** í Austari-Fljótum er í kirkjutali 1479 og var þar „lítt standanda“ bænhús.<sup>312</sup> Þar sást til tófta og kirkjugarðsleifa 1709<sup>313</sup> og 1841.<sup>314</sup>
- 116. Stórholt** í Fljótum gæti hafa verið landnámsjörð hins gausk-flæmskættaða Friðleifs, sem miðað við uppruna sinn gæti hafa verið kristinn. Þar bjuggu Jón Ketilsson kallaður „Fljóta-biskup“ á 12. öld og Ketill Guðmundsson sem „var lærður

<sup>302</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>303</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 299.

<sup>304</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>305</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 288.

<sup>306</sup> Berglind Þorsteinsdóttir (2008). *Grafir tynast, gleymast nöfn. ...*, bls. 69.

<sup>307</sup> *Örnefnaskrá fyrir Ysta-Mó* (1976), bls.1.

<sup>308</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 253, 355.

<sup>309</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 295.

<sup>310</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar* II (1954), bls. 175.

<sup>311</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>312</sup> DI. *Íslenzkt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355. Húsið varla standandi.

<sup>313</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 320.

<sup>314</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar* II (1954), bls. 175.

klerkur<sup>315</sup>. Þeir hafa vafalaust þjónað eigin kirkju en kirkja er annars ekki nefnd í Holti fyrr en í registri yfir kirkjur í Hóla-biskupsdæmi 1318.<sup>316</sup> Hún er í alkirkjutali 1461 með prest-skyldu og fékk ljós- og heytoll af 22 bæjum.<sup>317</sup> Árið 1569 var Holtskirkja sóknarkirkja í bændaeign<sup>318</sup> og hún hélt þeirri stöðu til 1906. Á seinni hluta 18. aldar var hún annexía frá Barði.<sup>319</sup> Stórholtskirkja var lögð niður 1909.<sup>320</sup>

**117. Bjarnargil** var í hálfkirkjutali 1461 en 1479 var þar „lítt standanda“ bænhús.<sup>321</sup>

**118. Brúnastaðir** í Fljótum. Þar var bænhús 1461.<sup>322</sup> Jarðabókin 1709 segir að skemma standi enn þar sem áður hafi verið bænhúsið „en ekki tíðir veittar í manna minni“.<sup>323</sup> Brúnastaðir voru sagðir landnámsjörð Brúna hins hvíta, sonar Háreks Upplendingajarls. Þar bjó á 11. öld Þorgrímur Hallsson, hirðmaður Ólafs helga Noregskonungs.<sup>324</sup>

**119. Hraun** í Fljótum er í hálfkirkjutali frá 1461. Talið er að um siðbreytingu hafi kirkjunni verið breytt í bænhús sem stóð enn 1709<sup>325</sup> en var fallið 1749.<sup>326</sup>

**120. Að Hvammi** í Fljótum var hálfkirkja 1461.<sup>327</sup> Jarðabók 1709 segir að þar hafi verið bænhús til forna, en lagt af fyrir manna minni.<sup>328</sup>

---

<sup>315</sup> Brynleifur Tóbiasson (1943). *Heim að Hólum*, bls. 119-120.

<sup>316</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* II (1893), bls. 488.

<sup>317</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 255.

<sup>318</sup> *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* (1919-1942), bls. 281.

<sup>319</sup> Ólafur Olavius (1964), *Ferðabók* I, bls. 312.

<sup>320</sup> Sveinn Nielsson (1950). *Prestatal og prófusta á Íslandi*, bls. 261.

<sup>321</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>322</sup> Sama heimild.

<sup>323</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 334.

<sup>324</sup> *Íslendingasögur og þættir* III, Vatnsdæla saga (1987), bls. 2262.

<sup>325</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 339.

<sup>326</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>327</sup> Sama heimild.

<sup>328</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 325.

- 121. Neðra-Haganes** í Fljótum. Þar var hálfkirkja 1461<sup>329</sup> sem sögð var löngu fallið bænhús í Jarðabókinni 1709.<sup>330</sup>
- 122. Að Efra-Haganesi** var bænhús að fornu „af fallið meir en fyrir 40 árum“<sup>331</sup>, segir Jarðabókin 1709. Árið 1841 sáust enn „líkindi til, að þar hafi kirkjugarður verið.“<sup>332</sup>
- 123. Að Sléttu** í Fljótum var fallið bænhús 1461.<sup>333</sup> Árið 1709 segir „að þar hafi þá kirkja eður bænhús verið og þykjast menn nú deili sjá til einnarr tóftar, sem líklegt þykir að þetta bænhús hafi áður staðið, með girðing í líking kirkjugarðsleifa“.<sup>334</sup>
- 124. Á Lambanesi** í Fljótum var „lítt standandi“ alkirkja árið 1461<sup>335</sup> sem var nefnd bænhús 1555. Bænhúsið stóð sem skemma 1709 samkvæmt Jarðabókinni.<sup>336</sup> Merki kirkjugarðs voru enn sjáanleg 1841.<sup>337</sup>
- 125. Að Stóru-Þverá** í Fljótum var bænhús til forna en aflagt fyrir manna minni, segir í Jarðabók 1709 en ennþá sáust „þess og merki nokkur“.<sup>338</sup>
- 126. Grillir (Grindill)** í Fljótum er sögð landnámsjörð Nafar-Helga. Grillir er í hálfkirkjutali 1461 en 1453 og 1479 er þar bænhús.<sup>339</sup> Jarðabókin 1709 getur þess ekki.
- 127. Dalabær** í Úlfisdöllum. „Bænhús er hjer og tíðir veittar þegar heimafólk er til sacramentis af þessum þremur bæjum, sem hjer

<sup>329</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>330</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 305.

<sup>331</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 307.

<sup>332</sup> *Sýslu- og sóknahýsingar* II (1954), bls. 175. Einhver merki voru þar um kirkjugarð.

<sup>333</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>334</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 311.

<sup>335</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 355. Varla standandi hús.

<sup>336</sup> *Jarðabók* 9. bindi (1930), bls. 336.

<sup>337</sup> *Sýslu- og sóknahýsingar* II (1954), bls. 175.

<sup>338</sup> *Jarðabók* (1930), bls. 313.

<sup>339</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* V (1898), bls. 118, 355.



standa í dölunum og betala bændurnir til samans við álnir á hverja messu“<sup>340</sup> segir í Jarðabók 1709.

**128. Knappsstaðir** í Stíflu voru að sögn landnámsjörð Þórðar knapps.<sup>341</sup> Í Flateyjarbók segir að Þórhallur knappur hafi tekið kristna trú eftir að hann dreymdi Ólaf konung Tryggvason, sem bauð honum í draumnum að byggja kirkju.<sup>342</sup> Á fyrri hluta 11. aldar bjó þar Hafur Þórarinnsson.<sup>343</sup> Árið 1121 söng þar messur séra Þorvarður, sem var „ritari góður“ og lærisveinn Jóns Ögmundarsonar Hólabiskups.<sup>344</sup> Kirkjan er nefnd í registri yfir kirkjur í Hólabiskupsdæmi 1318<sup>345</sup> og 1394 var þar prestskylda og sennilega alkirkja, eins og enn var 1461.<sup>346</sup> Knappsstaðaprestur átti að þjóna hálfkirkjunni í Tungu<sup>347</sup> árið 1479 ásamt bænhusunum á Nefstöðum og Gautastöðum. Núverandi kirkja er elsta timburkirkja landsins, reist 1838-1844 og er friðuð samkvæmt aldursákvæði þjóðminjalaga 106/2001.

**129. Á Gautastöðum** í Stíflu var fallið bænhus 1461<sup>348</sup> en það var risið og fékk þjónustu frá Knappsstaðapresti 1479. Bænhusið var aftur fallið árið 1709 en merki þess sást.<sup>349</sup> Árið 1840 sást „vottur til þess, að þar hafi verið grafið“.<sup>350</sup>

**130. Á Nefstöðum** í Stíflu var bænhus 1461<sup>351</sup> og enn notað 1479.<sup>352</sup>

---

<sup>340</sup> *Jarðabók* (1930), bls. 342-3. Dalabæjarkirkja þjónaði Dalabæ, Dalabæjarkoti og Engidal.

<sup>341</sup> *Íslenskt fornrit*, 1. bindi. Íslendingabók, Landnámabók (1968), bls. 243.

Flateyjarbók 1 (1944), bls. 485, 489-490. *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta*, 2 (1961), bls. 184-187.

<sup>342</sup> *Flateyjarbók* I (1944), bls. 488-490. *Íslenskt fornrit*, XV. bindi. Biskupa sögur 1, síðari hluti (2003), bls. 157-158. Sagan er skemmtileg, en sennilega uppspuni.

<sup>343</sup> *Íslendingasögur og þættir* II (1987), bls. 1063.

<sup>344</sup> *Íslenskt fornrit*, XV. bindi. Biskupa sögur 1, síðari hluti (2003), bls. 237-238.

*Byskupa sögur* II. Hólabyskupar (1948), bls. 58.

<sup>345</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* II (1893), bls. 488.

<sup>346</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 359, 561.

<sup>347</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

<sup>348</sup> Sama heimild.

<sup>349</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 315.

<sup>350</sup> *Sýslu- og sóknabýsingar* II (1954), bls. 184.

<sup>351</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355.

131. Kirkjan að **Tungu** í Stíflu er í hálfkirkjutali 1461. Hún var „lítt standanda“ árið 1479<sup>353</sup> en er í máldaga<sup>354</sup> frá 16. öld og jarðaskiptabréfi frá 1608.<sup>355</sup> Bænhúsið stóð 1709 „en ekki tíðir veittar í 20 ár eður lengur“.<sup>356</sup> Árið 1840 sást enn hvar kirkjan hafði staðið.<sup>357</sup>

## Kirkjur

Kirkjuhúsin voru mismunandi að stærð og gerð eftir tímabilum, en hver sem ásýnd þeirra var þá gegndu þau mikilvægu trúar- og samfélagslegu hlutverki. Frá fornu fari og fram á 20. öld var kirkjustaðurinn miðpunktur félagslífs og vettvangur trúarlegs menningarlífs.



*Innsigli Reynistaðarklausturs (fyrir miðju) er tákmynd staffkirkju og sver sig í ott norskra kirkna af sömu gerð frá miðöldum (mynd til vinstri). Til hægri er endurgerð staffkirkju að Búrfelli í Þjórsárdal sem reist var um aldamótin 2000. Hún er byggð á fornleifafundum á Íslandi og í Grænlandi. Hún er um 15 m<sup>2</sup> að gólfleti með blöðnum skjólveggjum úr torfi og grjóti og umbverfis hana er bringlaga bláðinn kirkjugarður. Talið hefur verið að elstu kirkjur hafi flestar verið byggðar úr timbri „af norskeri staffkirkjugerð, þrískipa með upphækkendu miðskipi, sem hvíldi á sulum; um 1700 voru um 30 misgamlar staffkirkjur enn standandi á landinu“.<sup>358</sup>*

Meðal elstu staðfestu kirkjustaða í Skagafirði eru Skíðastaðir í Laxárdal, Sauða í Borgarbyggð, Steinsstaðir í Tungusveit, Hjaltastaða-

<sup>352</sup> Sama heimild.

<sup>353</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* V (1898), bls. 355. Sögð varla standandi.

<sup>354</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* XII (1923), bls. 69-70.

<sup>355</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* XII (1923), bls. 70. Ekki mátti leiða konur í kirkju eftir barnsburð, gifta hjón (saman vígja) skíra börn og taka kirkjutíund og ljóstoll af heimilinu.

<sup>356</sup> *Jarðabók*, 9. bindi (1930), bls. 317. Ekki messað í 20 ár.

<sup>357</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar* II (1954), bls. 184.

<sup>358</sup> Einar Laxness, 1995. Bls. 41.

hvammur í Blönduhlíð, Keldudalur í Hegranesi og Neðri-Ás í Hjaltadal. Allir frá 11.öld. Elsta kirkja í Skagafirði hefur hingað til verið talin hafa staðið að Neðra-Ási. Elstu merki um kirkju þar í fornleifauppgreiftri árið 1998 voru frá 11. öld. Sú kirkja virtist hafa verið stafverkiskirkja úr timbri, 3,5 x 5,67 m að innanmáli og með upphækkuðum kór.<sup>359</sup> Kirkjur miðalda, sem grafnar hafa verið upp hérlendis, eru flestar á bilinu 2,5-3,5 x 5-6 m að innanmáli að stærð. Kenningar eru um að „íslenskar kirkjur hafi almennt verið minni en í nágrannalöndunum“.<sup>360</sup>

Flestar kirkjur voru byggðar af stafverki fram yfir miðja 17. öld. Þá var farið að byggja úr bindingsverki sem er annað byggingarform. Þær voru fremur smáar og flestar tyrfðar til varnar veðrum. Þrjár skagfirskar torfkirkjur eru varðveittar. Það eru Grafarkirkja, Víðimýrarkirkja og Silfrastaðakirkja,



sem er í Árbæjarsafni. Sautján af tuttugu og fjórum núverandi kirkjum Skagafjarðarprófastsdæmis eru friðaðar þjóðminjar.

*Hóladómkirkja er bláin úr rauðum steini úr Hólabyrðu.*

Dómkirkjurnar á Hólum voru gríðarstór timburhús. Þær voru krosskirkjur með háu miðskipi, byggðar upp af stafverki.<sup>361</sup> Jón Ögmundarson biskup lét reisa fyrstu dómkirkjuna á Hólum 1106. Kirkja Jörundar Þorsteinssonar sem tók við af henni reis um 1280 og fauk 1394. Árið 1318 hóf Auðun rauði Þorbergsson biskup byggingu steinkirkju sem aldrei var lokið við. Þriðju trékirjkjuna lét Pétur Nikulásson reisa 1394. Sú stóð til 1624 er hún varð fárviðri að bráð. Dómkirkjur þessar voru með stærstu timburhúsum í

<sup>359</sup> Orri Vésteinsson, 1998. Bls. 36.

<sup>360</sup> Orri Vésteinsson, 1998. Bls. 37-38.

<sup>361</sup> Kirkja og kirkjuskruð, 1997. Bls. 31.

Evrópu á sínum tíma. Fjórðu trékirkjuna lét Halldóra Guðbrandsdóttir reisa á árunum 1224-7. Halldórukirkja var að falli komin er Gísli Magnússon biskup hóf að undirbúa byggingu nýrrar kirkju úr grjóti. Tími trékirknanna á Hólum var liðinn og framkvæmdir við nýja steinkirkju hófust 1756. Byggingu hennar lauk 1763. Sú kirkja stendur enn.



*Víðimýrarkirkja (t.v.) er einn glæsilegasti minjagripur gamallar íslenskrar byggingarlistar. Byggð af bindingsverki 1834. Grafarkirkja á Höfðaströnd (t.h.) er eina stafverkskirkjan sem enn stendur í Skagafirði, og að stofni til frá 17. öld. Minni hatta var á að tréhús fylkju ef þau voru með torfveggjum og þeir veittu góða einangrun.*



*Ketukirkja á Skaga (t.v.) er reist 1895 og Knappstaðakirkja í Stíflu (t.h.) er byggð 1837-1844. Báðar eru bindingsverksbús.*



*Fellskirkja (t.v.) er byggð 1880-1881 og Sjávarborgarkirkja (t.h.) er reist 1853. Þær eru sviðaðar að stærð. Báðar eru bindingsverksbús.*

## Kirkjumunir og áhöld

Í tíundarlögum frá 1096 kemur fram að vaðmál, gætur, gull, silfur, vax, reykelsi, viður og tjara<sup>362</sup> voru talin nauðsynleg til kirkjuhalds en kirkjur voru afar mismunandi búnar eftir efnahag þeirra sem stofnuðu til þeirra og rak þær. Góðar upplýsingar um búnað mikilvægustu kirkna fyrr á öldum er í máldögnum en því miður er fátt vitað um búnað minni kirknanna.



*Elsti myndskurður sem varðveist hefur hér á landi eru útskornar helgimyndir frá Flatatungu á Kjálka og Bjarnastadahlöð í Vesturdal sem varðveittar eru á Þjóðminjasafni Íslands og taldar vera úr kirkju frá 11. öld. A myndinni er helgur maður á fjöl frá Flatatungu. Ljós. Þjms.*



*Ofi voru skrautlegir bringir á hurðum, eins og sá til vinstri sem hefur verið notaður á margar kirkjuburðir á Reykjum í Tungusveit. Til hægri er kertahjálmur úr kopar úr Glaumbajarkirkju. Talinn vera frá 15. öld.*

<sup>362</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn I, 1857-76. Bls. 81.

Talið er að kirkjur hafi almennt verið lítið skreyttar á fyrstu öldum kristni, en það breyttist. Einkum fyrir áhrif frá munkareglu þeirri sem kennd var við heilagan Benedikt og hafði forystu um kirkju-skreytingar. Íslensku miðaldakirkjurnar voru margar hverjar lifandi listasöfn og ríkar af glæstum skrúða og gripum. Myndskurður bæði á tré og málm var áberandi í kirkjunum og var áhersla lögð á að fá sem hæfast fólk til allra kirkjulegra smíða.

Árið 1318 voru glergluggar í 111 af 23 kirkjum í Skagafirði, sem taldar eru í máldögum. Litskrúðug útskorin kórþil voru víða í kirkjum og lausamálverk, bæði myndir og líkneski. Málverk á tréveggjum þekktust einnig en þeirra er óvída getið þar sem þau voru oft máluð beint á veggina og ekki færanleg skrautverk. Hér eru nefnd nokkur dæmi um kirkjumuni til að gefa hugmynd um hvað bar fyrir augu í kirkjum miðalda.

**Altari.** Sennilega voru þau flest smíðuð úr tré. Altarið er helgasti staður kirkjunnar, borð Drottins. Ölturu voru oft fleiri en eitt í miðaldakirkjunum, háaltari og minni altari.



*Klukkan er úr Hofstaðakirkju, elsta kirkjuklukkan í Skagafirði sem enn er notuð. Tinkaleikurinn til hægri hefur verið eign Knappstaðakirkju um aldir. Lagð bendir til miðalda.*

**Altarisdúkur og altarisklæði.** Yfir og fyrir altarinu voru dúkar og klæði ýmislega skreytt. Altarisdúkurinn er alltaf hvítur og yfirleitt

ofinn og útsaumaður, en klæðið gat verið litfagurt með brúnum og hlöðum.

**Altarisbrík.** Útskorið myndverk yfir altarinu.

**Bríkarklæði** við altarisbríkina voru oft fagurlega ofin og útsaumuð. Árið 1377 var glitsaumað altarisbrík og altarisbrún í Tungukirkju í Fljótum.<sup>363</sup>

**Bakstursskrín - oblátudósir** voru undir oblátur (brauð).

**Bakstursjárn** til að baka í oblátur. Brauð sem veitt er við altarisgöngu.

**Eldberi, glóðarker, skriðljós.** Glóðarker voru höfð til hitunar kirknanna. Eldberinn er einskonar skrín, lukt til að bera í eld á milli bæjar og kirkju. Eldberi og skriðljós voru notuð til að fara með eld á milli húsa. **Eldjárn** voru til að kveikja ljós eða kæfa loga, sem kertakæfir.

**Kaleikur** og **patína** voru úr tini, silfri eða öðrum málmum. Kaleikurinn er fyrir vénið. Patínan, sem er diskur undir oblátturnar, fellur ofan á kaleiksskálina, til að hlífa innihaldi hans ef messuvín er í honum.

**Huslker** er með loki, til að geyma í helgað brauð (oblátur) sem verður afgangur við útteilingu. Ekki notað í lúterskum kirkjum.

**Kertahjálmar** úr kopar, messing eða járn hingu úr lofti.

**Kredensborð** nefnist hliðarborð þar sem geymd eru ker svo sem kaleikur, patína, kanna o.fl. sem nota á í messunni.

**Kertastjakar** (stíkur) úr járn, messing eða tré, bæði á altari og gólfi. Tréstjakar voru oft málaðir (steindir) í fallegum litum. Einnig voru not- aðar **kolur** (ljóskola, lýsiskola).

**Ketill** og **handlaug** (munnaug/mundlaug). Í katlinum var borið vatn milli bæjar og kirkju. Handlaugin var til að fólk gæti þvegið hendur sínar áður en það gekk að borði Krists.

**Kistur** voru undir kirkjumuni og -skrúða.

**Klukkur** voru af ýmsum gerðum, yfirleitt úr kopar, með járnkólfi.

**Kórbjöllur** voru mun minni en hinar.

---

<sup>363</sup> DI. Íslenskt fornbréfasafn III, 1896. Bls. 176-177.

**Krókar, börur, broddstaðir.** Notaðir við ábreiðslu t.d. tjalda og refla.

**Krossar** voru af ýmsu tagi. Krossinn er æðsta og útbreiddasta tákn kristninnar. Svokallaðir róðukrossar voru algengir í kirkjum fyrir siðabreytingu. Róðan (líkneskja Jesú Krists) var í ýmsum stellingum eftir tímum, hnarreist sem sigurvegari eða álút í þjáningu.

**Lektari** (lespúlt). Þaðan er predikað ef ekki er predikunarstóll í kirkjunni.

**Líkneskjur** verndardýrtinga kirknanna voru áberandi og oft var mikil helgi á þeim. Kirkjur að Glaumbæ, Geldingaholti, Víðimýri, Mælifelli, Flatatungu, Víðivöllum, Ökrum, Þverá, Hofsstöðum, Hólum, Gröf, Hofi, Höfða, Málmey, Stórholti og Knappsstöðum voru tileinkaðar *Péttri postula*.<sup>364</sup> Hann var vinsælastur dýrtinga í Skagafirði.

*Ambrósíus kirkjufaðir* var verndari Viðvíkurkirkju.<sup>365</sup>



Klausturkirkjan á Reynistað voru tileinkuð *Benedikt frá Núrsúu*.<sup>366</sup>

*Guðmundur góði*<sup>367</sup> biskup verndaði Goðdalakirkju og Hóladómkirkju. Biskuparnir Jón Ögmundarson, Lárentíus og Þorlákur helgi vernduðu dómkirkjuna einnig.<sup>368</sup>

*Róðukross þessi er frá Silfrastöðum. Talinn vera frá 13.-14. öld.*

Kirkjur að Stóraholti, Glaumbæ, Silfrastöðum og Víðivöllum voru helgaðar *Jóhannesi skérara*.<sup>369</sup>

<sup>364</sup> Tákn Péturs var öfugur kross, lyklar (tveir í kross) eða hani.

<sup>365</sup> Ambrósíus biskup var uppi á 4. öld e. Kr. og bardist fyrir hönd kirkjunnar gegn Rómarkeisara og Aríusarvillu. Til hans er rakinn sálmasöngur í messum.

<sup>366</sup> Benedikt frá Núrsúu, d. 547, var áhrifamikill leiðtogi innan kirkjunnar. Tákn hans var brotinn bikar og hrafn. Hann var upphafsmaður klausturlifnaðar á vesturlöndum, Benediktínusarregla, eins og var á Reynistað.

<sup>367</sup> Guðmundur góði Arason biskup. 16. mars er dánardagur Guðmundar 1237 og var mikil hátíð á Hólum alla Gvendardaga til siðbreytingar.

<sup>368</sup> Þorlákur Þórhallsson Skálholtsbiskup d. 23. des. 1193.



*Magnús eyjajar*<sup>370</sup> var verndari Mælifellskirkju.

*Heilög Margrét*<sup>371</sup> verndaði Goðdalakirkju.

*Mikael (Míkjáll) erkiengill* verndaði kirkjur að Glaumbæ og Reykjum.<sup>372</sup>



*Matteus guðspjallamaður* verndaði Fagranes-kirkju.<sup>373</sup>

*Heilagur Marteinn* verndaði kirkjur að Hofi í Vesturdal, Miklabæ í Blönduhlíð og á Hólum.

*María mey* var næstvinsælust dýrlinga. Kirkjur á Víðimýri, Glaumbæ, Mælifelli, Goðdölum, Víðivöllum, Flatatungu, Silfrastöðum, Þverá og Miklabæ í Blönduhlíð, Hofstöðum, Hólum, Gröf, Hofi og Höfða á Höfðastrand, Felli og Málmey voru tileinkaðar henni.

*Á myndinni er líkneskja sem talin er að hafi verið Hofstaða-María sem mikil helgi var á fyrir siðbreytingu 1550.*<sup>374</sup> *Ljósm. Djms.*

Kirkjur að Hvammi, Miklabæ í Blönduhlíð og á Hólaum voru helgaðar *Ólafi konungi Haraldssyni*.<sup>375</sup>

*Nikulás biskup frá Myru*<sup>376</sup> verndaði kirkjur á Goðdölum, Sauða, Málmey og Tungu í Stíflu.

---

<sup>369</sup> Tákn Jóhannesar skírara er stafur með kross á endanum. Önnur tákn Jóhannesar eru lamb, tré með öxi við rót, hörpuskel og fat með höfði hans á.

<sup>370</sup> Magnús Erlendsson, d. 1115, Orkneyjarl var lýstur helgur maður 20 árum eftir dauða hans. Hann var tignaður víða á Íslandi.

<sup>371</sup> Margrét er verndardýrlingur ljósmæðra. Tákn hennar er kross og dreki sem hún ýmist stendur á eða heldur á.

<sup>372</sup> Mikael erkiengill var einskonar herforingi englanna, vinsæll á 11. til 13. öld.

<sup>373</sup> Tákn Matteusar eru bók, fjöðurstafur og pyngja.

<sup>374</sup> Dæmi um það var að frú Inga og Teitur Þorleifsson í Glaumbæ hétu á Hofstaða Maríu bestu kú sinni í 16 ár, sjá Annála 1400-1800, útg. 1922-1927. Bls. 90.

<sup>375</sup> Ólafur helgi Haraldsson d. 1030 konungur Noregs og vinsæll verndardýrlingur á 12. öld. Tákn hans voru bikar með ríkisepli og ber öxi.

<sup>376</sup> Nikulás var biskup í Myru í Litlu-Asíu, d. 345, var verndari sjómanna og ungra barna. Tákngeffingur hans er bandaríski jólasveinninn Sankti Kláus sem gefur börnum gjafr 6. desember sem er dagur Nikulásar. Sá siður hefur færst til jóla.

Tákn Nikulásar eru: akkeri, brauð 2-3, þrjár gullstangir, kaleikur með þrem börn-

Reynistaðarkirkja og Víðivallakirkja voru tileinkaðar *Stefáni frumvotti*.<sup>377</sup>

*Heilagur Andrés* verndaði Sjávarborgarkirkju, Rípurkirkju og Hóladómkirkju.

*Heilagur Tómas* var einn margra verndardýrlinga Hóladómkirkju.

Fleiri dýrlingar vernduðu skagfirskar kirkjur á kaþólskum tíma.



*Gamall skarbítur (t.v.) úr járni er í Hofstaðakirkju. Afklípt skarið safnast í skarbúsið. Af og til varð að taka af skarið. Skírnarskálín (t. h.) er úr tinni og var notað í Silfrastaðakirkju um aldir.*

**Skarbítur** (skarjárn) til að klippa skarið, þ.e. hálfbrunna kveiki.

**Skírnarsáir** voru með ýmsum umbúnaði. Úr skírnarsánum eða skírnarskálinni er einstaklingur vatni ausinn um leið og honum er gefið nafn og veitt viðtaka í kristinn söfnuð. Fermingin er staðfesting skírnarinnar, yfirlýsing um að viðkomandi sé tilbúinn að lifa og starfa í kristnum söfnuði.

**Tjöld.** Margar kirkjur miðalda voru klæddar myndofnum, útsaum- uðum og ámaluðum (steindum) tjöldum og reflu- m á veggjum til prýði og einangrunar. Á göflum voru bjórtjöld og himintjöld um loft, listilega ofin og sennilega meira og minna útsaum- uð. Dæmi um það voru kirkjurnar á Mælifelli 1368 og á Silfrastöðum 1394 sem voru tjaldaðar um alla vegg- i og loft.<sup>378</sup>

---

um. Nikulás biskup var meðal vinsælli dýrlinga hérlendis á kaþólskum tíma og á 20. öld má segja að Íslendingar hafi gengið honum á hönd öðru sinni, sem jólasveininum eða Sancta-Claus (Árni Björnsson: *Saga daganna*, 290-296 og Cormack, Margaret: *The Saints in Iceland*, 134-138, þar sem er listi yfir kirkjur sem helgaðar voru heilögum Nikulási).

<sup>377</sup> Stefán frumvottur kallaður var einn hinna fyrstu er tók kristni og sá fyrsti er leið píslarvætti fyrir trú sína (um 35 e.kr.) og nokkrar kirkjur voru tileinkaðar honum á fystu öldum kristni. Tákn hans eru: þrjú steinar og pálmagrein.

<sup>378</sup> DI. Íslenzkt fornbréfasafn III, 1896.Bls. 176.

**Vatns-** og **vínkanna** voru úr gleri, leir eða silfri. Vatnskannan var til að hella í skírnarsá og yfir hendur presta fyrir helgun sakramentis og eftir útdeilingu.

Ýmsar **bækur** voru í kirkjunum. Guðsorðabækur, sálmabækur, veraldlegar bækur og rímnabækur.

**Skrúði, messuklæði** voru t.d. hökull, kápa (kór- eða kantara-kápa), mítur, sloppur. Messuskrúðaefnin voru margvísleg bæði innlend og innflutt.

Eftir siðbreytingu voru skrautverk sem tengdust átrúnaði í kaþólskum kirkjum flest fjarlægð og áhersla lögð á einfaldleikann.

### **Prestaskólinn á Hólum**

Kirkjunnar menn lögðu grunn að íslenski hámenningu og reistu hana á klassískum fornmenntum. Fyrsti Hólabiskupinn, Jón Ögmundarson (biskup 1106-1121), stofnaði skóla á Hólum og lét reisa þar skólahús, hið fyrsta sem um getur hér á landi. Meðal kennslugreina voru: söngur, tölvísi, tímatafsræði, stjarnfræði, málfræði, mælskulist og rökvísi, auk guðfræði. Munu þeir Stjörnu-Oddi, sem gerði merkilegar rannsóknir á gangi sólar og tímatafsfræðingurinn Bjarni Bergþórsson og hörpuslagarinn séra Þorleifur á Reykjum<sup>379</sup> hafa numið fræði sín í Hólaskóla. Menntun presta var helsta markmið skólans, því án menntunar prestastéttarinnar var kristnihald óhugsandi. Jón Ögmundarson lagði áherslu á söng í kirkjum biskupsdæmisins og fékk erlenda kennara til að kenna prestlingum sönglistina. Framan af var það aðeins presturinn sem söng messuna en er kom fram á 13. og 14. öld hófu messugestir sálmásöng og var fenginn forsöngvari til að leiða hann á móti prestinum. Söngurinn var og er sameiningartákn og við kirkjulegar athafnir hefur kirkjan haft hvað mest áhrif á tónlistarlíf og tónlistarflutning í landinu. Margir Hólabiskupa lögðu rækt við skólann á Hólum. Skólahald á Hólum var ekki samfellt frá 1106 til 1802 er skólinn var lagður niður, en langflestir biskuparnir héldu skóla og útskrifuðu prestsefni.

---

<sup>379</sup> Byskupa sögur III, 134.

## Heimildir

*Annálar 1400-1800*. Annales Islandici Posteriorum Saeculorum I. Gefnir út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, 1922-1927. Rv; II. Gefnir út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, 1927-1932.

Arngrímur Jónsson, 1995. *Hátterni í kirkjusíðum*. Rv.

Arngrímur Jónsson, 2008. *Brevis commentarius de Islandia. Stutt greinargerð um Ísland*. Safn Sögufélags. Þýdd rit síðari alda um Ísland og Íslendinga. Rv.

Árni Björnsson, 1993. *Saga daganna*. Rv.

Árni Daniel Júlíusson, 1995. Bønder i pestens tid. Landbrug, godschrift og social konflikt i senmiddelalderens Islanske bondesamfund. Doktorsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla.

Árni Daniel Júlíusson og Sigríður Sigurðardóttir, 2003. *Á Sturlungaslóð í Skagafirði*. Skr.

Berglind Þorsteinsdóttir (2009). „Grafir tynast, gleymast nífn. Rannsókn á staðsetningu kirkjumina í Skagafirði“. BA-ritgerð í Fornleifafraeði í Hugvísindadeild HÍ. <http://hdl.handle.net/1946/3286>

*Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hitardal með viðbæti II*. Hólabiskupar 1551-1798, 1911-1915. Sögufélag gaf út. Rv.

Björn Th. Björnsson, 1990. „Búnaður kirkna“ (314-323). *Saga Íslands V*. Rv.

Björn Sigfússon, 1957. „Skríðan varð grafreitur“ (256-263). *Saga. Tímarit Sögufélags, 11.3. Söguvit XXIV*. Rv.

Björn Þorsteinsson, 1956. *Íslenska skattlandið*. Fyrri hluti. Rv.

Björn Þorsteinsson, 1978. *Íslenska miðaldasaga*. Sögufélag. Rv.

Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, 1990. „Íslenska kirkjan“ (33-66), „Biskupsstjórn um 1460-1520“ (124-140) og „Kirkjan og þjóðlífið“ (141-179). *Saga Íslands V*. Rv.

*Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*, 1919-1942. Birt af Hinu íslenska bókmenntafélagi. Rv.

*Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns I, 1979. Rv.

Brynleifur Tóbiasson, 1943. *Heim að Hólum*. Skagfirzkr fræði IV. Rv.

BSk. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, 2003. *Fornleifarannsóknir fyrir aðalskipulag. Gil, Bergsstaðir, Tröð*. Rannsóknarskýrslur Bygðasafns Skagfirðinga, nr. 26.

BSk. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín, 2003. *Kirkjugarður í Keldudal í Hegranesi*. Rannsóknarskýrslur Bygðasafns Skagfirðinga, nr. 18.

*Bygðasaga Skagafjarðar*, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur, 1999. Ak; II, Staðarhreppur-Seyluhreppur, 2001. Ak. Ritstjóri Hjalti Pálsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga, Ak; III, Lýtingsstaðahreppur, 2004. Rv. Ritstjóri Hjalti Pálsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga, Ak; IV, Akrahreppur, 2007. Rv. Ritstjóri Hjalti Pálsson. Útg. Sögufélag Skagfirðinga, Ak

*DI. Diplotarium Islandicum. Íslensket fornbréfasafn*, 1867-1949, I-XIV. Kh. og Rv.

Einar Laxness, 1995. *Íslands saga a-ö*. Rv.

Fornleifastofnun Íslands, heimasíða: <http://www.instarch.is/rannsoknir/>

Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins, 2000. Rv.

Guðný Zoëga, 2008. *Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2003-2007*. Smárit Bygðasafns Skagfirðinga X. Ak.

Guðný Zoëga, 2008. *Kirkjurannsóknir í Skagafirði*. Framvinduskýrsla um fornleifarannsóknir. Rannsóknarskýrslur Bygðasafns Skagfirðinga. Ópr.

- Gunnar Karlsson, 1990. *Samband við miðaldir*. Námsbók í íslenskri miðaldasögu um 870-1550 og sagnfræðilegum aðferðum. Rv.
- Séra Gunnar Kristjánsson, 1988. *Gengið í guðshús*. Kirkjur og kirkjulist á Íslandi. Rv.
- Hallgrímur Jónsson, 1946. *Skagafjörður*. *Arbóke Ferðafélags Íslands* MCMXLVI. Rv.
- Hjalti Hugason, 1988. „Kristnir trúarhættir“ (75-340). *Íslenskt þjóðmenning V. Trúarhættir*. Norræn trú - Kristni - Þjóðtrú. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Rv.
- Hjalti Hugason, 2000. *Kristni á Íslandi I, Frumkristni og upphaf kirkju*. Rv.
- HSk. Ólafur Lárusson. „Kirkjur og bænhús“ í Skagafjarðar-, Rangárvalla- og Árnessýslum. Ópr. handrit. Lbs. 4060. Quarto 4to. (Ljósrit í Héraðsskjalasafni Skagafirðinga).
- Hörður Ágústsson, 1998. *Íslenskt byggingararfleifi I*. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940. Rv.
- Íslendinga sögur I. Landssaga og landnám*, 1946. Rv.
- Íslendinga sögur. Orðstöðubýkell og texti*. The complete Sagas of Icelanders with Lemmatized Concordance. CD-diskur. Mál og menning, 2. útg. 1998. Rv.
- Íslendingasögur og þættir II*, 1987. Rv.
- Íslenskt fornbréfasafn / Diplomatarium Islandicum, sem hefir inni að halda bréf og gjörminga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. 1.-11. bindi. Kaupmannahöfn. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenskur sögunatlas, 1. bindi. Frá öndverðu til 18. aldar*. Ritstjórar Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg, Helgi Skúli Kjartansson. Rv.
- Jarða - og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1949*. Skagafirzkr fræði, 1.-4. hefti, 1949-1959. Rv.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709-1713*. 9. bindi. 1930. Kh.
- Jarðatal á Íslandi*, 1847, Kh.
- Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. *Íslenskir þjóðhættir*. Rv.
- Séra Karl Sigurbjörnsson, 1993. *Táknmal trúarinnar*. Leiðsögn um tákn og myndmál kristinnar trúar og tilbeiðslu. Rv.
- Katrín Gunnarsdóttir, 2000. *Hof í Hjaltadal*. Fornleifaskráning 3. Byggðasafn Skagafirðinga.
- Kirkja og kirkjuseríð. Kirker og kirkekunst på Island og i Norge i middelalderen*, 1997. Norsk institut for kulturnindeforskning Niku, Islands nationalmuseum. Rv.
- Kirkjur Íslands* 5. og 6. bindi, 2005. Rv.
- Lára Magnúsdóttir, 2007. *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275-1550. Lög og rannsóknarfundur*. Rv.
- Lovsamling for Island*, 3. bindi, 1749-1772. Kh.
- Magnús Stefánsson, 1978. „Frá goðakirkju til biskupskirkju“ (111-257). *Saga Íslands III*. Rv.
- Magnús Stefánsson, 1975. „Kirkjuvaldið eflist“ (57-144). *Saga Íslands II*. Rv.
- Margeir Jónsson, 1941. *Frá miðöldum í Skagafirði. Skagafirzkr fræði III*. Rv.
- Margret Cormack, 1994. *The Saints in Iceland*. Their Veneration from the Conversion to 1400. Société des bollandistes ... Bruxelles.
- Margret Cormack, óársett handrit. *The Medieval Icelandic Parish: Problems and Parameters*. College of Charleston.
- Orri Vésteinnsson, 1998. *Fornleifarannsókn á Neðra-Ási í Hjaltadal 1998*. Fornleifstofnun Íslands FS068-98173. Rv.
- Ólafur Lárusson, 1944. *Byggð og saga*. Rv.

- Ragnheiður Traustadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, 2007. Kolkuós. Höfn og verslunarstaður á miðöldum. Greinargerð um helstu niðurstöður við fornleifarannsókn á Kolkuósi. Október 2007. Bsk.
- Saga Mera Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks)*. Útg. Símon Bjarnason Dalaskáld. Prentsm. Suðurlands 1912.
- Sigurður Líndal, 1974. „Upphaf kristni og kirkju“ (227-288). *Saga Íslands I*. Rv.
- Sigurður Pálsson, 1981. *Saga og efni messunnar*. Rv.
- Snorri Sturluson, 1944. *Heimskringla I og II*. Rv.
- Stefán Einarsson, 1961. *Íslensk bókmenntasaga 874-1960*. Rv.
- Sturlunga saga* I og II, 1946. Rv.
- Sveinn Niélssson, 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 2. útg. með viðaukum og breytingum eftir Dr. Hannes Þorsteinsson. Hið íslenska bókmenntafélag. Rv.
- Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarysila*, 1954. Ak.
- ÞÍ. Teikning Guðjóns Samúelssonar. Reykjavík, apríl 1920. MA.A.
- Þormóður Sveinsson, 1954. „Bæjartalið í Auðunarmáldögum“ (bls. 23-47). *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954*. Rv.